




Mat á þáttöku  
Íslands í  
Norðurslóða-  
áætlun ESB

Mars 2006



Útgefandi: Stjórn Norðurslóðaáætlunar á Íslandi  
Umsjón og ábyrgð útgáfu: IMG og stjórn Norðurslóðaáætlunar á Íslandi  
Ritstjórar: Davíð Stefánsson og Hermann Baldursson  
Prentumsjón: Athygli  
Prentun: Gutenberg  
1. útgáfa  
Upplag: 500

ISBN: 9979-871-53-9

## Efnisyfirlit

<b>1.</b>	<b>Umfang og fyrirvarar .....</b>	<b>3</b>
<b>2.</b>	<b>Inngangur og helstu niðurstöður .....</b>	<b>4</b>
2.1.	Inngangur .....	4
2.2.	Niðurstöður .....	5
2.2.1.	Gildi áætlunarinnar fyrir Íslendinga .....	5
2.2.2.	Árangur af þátttöku .....	5
2.2.3.	Framkvæmd áætlunarinnar .....	5
2.2.4.	Skilvirkni áætlunarinnar hér á landi .....	6
2.2.5.	Gagnrýni frá þátttakendum .....	6
2.2.6.	Ábendingar og tillögur .....	6
<b>3.</b>	<b>Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins .....</b>	<b>7</b>
3.1.	Hluti af uppbyggingarstefnu ESB .....	7
3.1.1.	Interreg áætlunin .....	7
3.2.	Landsvæði .....	11
3.3.	Markmið og áherslur .....	11
3.3.1.	Áhersla 1 – Samgöngur og fjarskipti .....	13
3.3.2.	Áhersla 2 – Atvinnuþróun og vistvæn nýting náttúruauðlinda .....	13
3.3.3.	Áhersla 3 – Efling samfélaga .....	13
3.3.4.	Framtíð Interreg samstarfsins .....	13
3.4.	Fjármagn og framkvæmd .....	14
3.4.1.	Fjármögnun Norðurslóðaáætlunarinnar .....	14
3.4.2.	Kröfur um mótfjármögnun verkefna hærrí hér .....	14
3.4.3.	Umsóknir um undirbúningsstyrki .....	15
3.4.4.	Umsóknarferli .....	15
3.4.5.	Mat á umsóknum .....	16
3.4.6.	Frumkvæði að verkefnum .....	17
3.4.7.	Fjárveitingar til verkefna .....	17
3.4.8.	Endurskoðun og eftirlit .....	18
3.5.	Markmið Íslendinga með þátttöku .....	18
3.5.1.	Hallar á landsbyggð í alþjóðlegu samstarfi .....	19
3.5.2.	Gildi og markmið áætlunarinnar sjálfar ná einnig til Íslands .....	19
<b>4.</b>	<b>Gildi Norðurslóðaáætlunar fyrir Ísland .....</b>	<b>20</b>
4.1.1.	Byggðamarkmið með EES-samningum .....	20
4.1.2.	Byggðastyrkir þó utan EES-samningsins .....	20
4.1.3.	Almennt gildi .....	20
4.1.4.	Gildi fyrir Byggðastofnun .....	21
4.1.5.	Gildi fyrir íslenska þátttakendur .....	22
<b>5.</b>	<b>Árangur Íslendinga af þátttöku í Norðurslóðaáætluninni .....</b>	<b>25</b>
5.1.1.	Fjöldi verkefna .....	25
5.1.2.	Fjöldi umsækjenda héraendis .....	26
5.1.3.	Þátttaka eftir uppruna .....	27
5.1.4.	Árangur frændþjóða .....	28
5.1.5.	Ný tengsl og tækifæri innanlands sem utan .....	28
5.1.6.	Samanburður við aðrar þjóðir góður .....	29
5.1.7.	Nýting og endurgjöf fjármagns .....	30
<b>6.</b>	<b>Hagkvæmni rekstrar Norðurslóðaáætlunar á Íslandi .....</b>	<b>31</b>
6.1.1.	Framkvæmd .....	31
6.1.2.	Kostnaður Byggðastofnunar .....	32
6.1.3.	Einungis 0,7 stöðugildi .....	32
6.1.4.	Samstarf við aðrar áætlanir .....	33
6.1.5.	Þátttaka Byggðastofnunar í verkefnum .....	33
6.1.6.	Fjárhagslegt umfang NPP .....	35

6.1.7.	Meirihluti til atvinnuþróunarverkefna .....	35
6.1.8.	Skilvirkni .....	38
6.1.9.	Gagnrýni .....	39
6.1.10.	Gagnrýni Íslendinga á skrifræði .....	39
6.1.11.	Gagnrýni frá þátttakendum – Hvað má bæta? .....	40
<b>7.</b>	<b>Mat á Norðurslóðaáætlun .....</b>	<b>42</b>
7.1.1.	Fáum verkefnum lokið .....	42
7.1.2.	Skilvirkni og skrifræði .....	42
7.1.3.	Eðli og markmið þátttöku Íslendinga .....	43
7.1.4.	Verkefni falla vel að markmiðum áætlunarinnar sjálfar .....	44
7.1.5.	Þátttaka einkafyrirtækja .....	44
7.1.6.	Fjölbreytt samstarf sem markmið .....	44
7.2.	SVÓT-greining (helstu niðurstöður) .....	46
7.3.	Tillögur IMG .....	47
<b>8.</b>	<b>Viðaukar .....</b>	<b>48</b>
8.1.	Orðskýringar .....	48
8.2.	Verkefni .....	49
8.2.1.	Áhersla 1 .....	49
8.2.2.	Áhersla 2 .....	51
8.2.3.	Áhersla 3 .....	56
8.3.	Hlutfallsleg skipting fjármuna .....	58
8.3.1.	Áhersla 1 .....	58
8.3.2.	Áhersla 2 .....	58
8.3.3.	Áhersla 3 .....	58
8.3.4.	Áherslur samtals .....	58
8.4.	Nýting og endurgjöf fjármagns .....	59
8.5.	Yfirlit yfir umsækjendur í verkefnum á Íslandi – lögaðilar .....	60
8.6.	Fjöldi umsækjenda .....	61
8.6.1.	Áhersla 1 .....	61
8.6.2.	Áhersla 2 .....	61
8.6.3.	Áhersla 2 frh. ....	62
8.6.4.	Áhersla 3 .....	63
8.6.5.	Áherslur samtals .....	63
8.7.	Viðmælendur og heimildir .....	63
8.7.1.	Viðmælendur: .....	63
8.7.2.	Skýrslur og vefslóðir: .....	64

## 1. Umfang og fyrirvarar

Þessi skýrsla hefur verið útbúin af IMG Ráðgjöf fyrir stjórn Norðurslóðaáætlunar Evrópu-sambandsins (NPP) á Íslandi. Óskað var eftir því að IMG legði mat á framkvæmd áætlunarinnar hér á landi og árangur af þátttöku Íslendinga í verkefnum NPP. Rætt var við þátttakendur og stjórnendur verkefna, sem unnið er að hér á landi í tengslum við áætlunina og tölfræðilegar upplýsingar teknar saman, til að ná fram skýrari mynd af þátttöku Íslands.

Byggt er á upplýsingum sem starfsmaður NPP á Íslandi, stjórn þess og forsvarsmenn einstakra verkefna hafa látið IMG í té. Upplýsingar í skýrslu þessari eru sérhæfðar og þarfnast reglulegrar uppfærslu. Hvorki er gefin tæmandi lýsing á verkefninu né því haldið fram að skýrslan feli í sér allar þær upplýsingar sem viðtakendur kunna að þurfa. IMG tekur ekki á sig neinar skyldur til að veita viðtakendum viðbótarupplýsingar eða til að leiðrétta atriði sem kunna að vera ónákvæm í skýrslunni.

Ekki er heimilt að afrita hana að hluta eða í heild sinni án skriflegs samþykkis stjórnar NPP á Íslandi.

Þeir aðilar, sem komu að vinnslu þessarar skýrslu af hálfu IMG, voru annars vegar Davíð Stefánsson (david.stefansson@img.is) verkefnisstjóri og hins vegar Hermann Baldursson (hermann@img.is) ráðgjafi.

## 2. Inngangur og helstu niðurstöður

### 2.1. Inngangur

Árið 2002 var stefna í byggðamálum fyrir árin 2002-2005 samþykkt á Alþingi en hún byggðist á stefnumörkun stjórnvalda og áherslum iðnaðar- og viðskiptaráðherra Valgerðar Sverrisdóttur. Ein af áherslum stefnunnar kvað á um aukið alþjóðlegt samstarf, m.a. í þeim tilgangi að „auka markvisst þátttöku atvinnulífs og stofnana á landsbyggðinni í alþjóðlegum samstarfsverkefnum.“ Ein af aðgerðunum í tengslum við samþykktu stefnu í byggðamálum gekk út á þátttöku í Northern Periphery- áætluninni (Norðurslóðaáætlun ESB) og varð Ísland formlegur þátttakandi á miðju ári 2002.

Meginmarkmið áætlunarinnar er að stuðla að eflingu atvinnu- og efnahagslífs svæða og byggða með svipaðar aðstæður með samstarfsverkefnum yfir landamæri á milli einstaklinga, fyrirtækja og stofnana í þessum landshlutum. Reynt er að koma í veg fyrir að landamæri þjóðríkja sé hindrun í samstarfi og framþróun byggða og atvinnulífs með það að markmiði að tækifæri og styrkleikar svæðanna fái notið sín sem best. Verkefnin innan NPP skapa mikilvæg tengsl og þekkingu sem byggja á alþjóðlegri samvinnu og framtaki.

Í júlí 2005 óskaði stjórn NPP á Íslandi eftir því við IMG að fyrirtækið legði mat á verkefnið. Tilgangurinn var að meta stöðuna og gera verkefnið öflugra og betra – væri slíkt mögulegt. Einnig yrði lagt mat á árangur af þátttöku Íslendinga í verkefnum Norðurslóðaáætlunar Evrópusambandsins. Rætt var við þátttakendur og stjórnendur innlendra verkefna og tölfræðilegar upplýsingar teknar saman til að ná fram skýrari mynd af þátttöku Íslands.

Að lokum yrði sett upp hefðbundin SVÓT-greining á þátttöku Íslendinga í áætluninni.

Við matið er horft til þriggja þátta og fær hver og einn þeirra sérstaka umfjöllun í þessari skýrslu:

- **Gildi.** Lagt er mat á gildi eða þýðingu áætlunarinnar fyrir Íslendinga, mikilvægi þátttöku og hvernig þarfir Íslendinga falla að markmiðum áætlunarinnar.
- **Árangur.** Lagt verður mat á árangur af þátttökunni, t.a.m. atvinnusköpun, eflingu samfélags, bætt aðgengi að auðlindum o.s.frv.
- **Hagkvæmni rekstrar.** Að síðustu verður lagt mat á hagkvæmni framkvæmdar áætlunarinnar hér á landi, nýtingu fjármuna, skilvirkni, og hagkvæmni verkefna Norðurslóðaáætlunarinnar borin saman við aðrar áætlanir.

Að auki er lagt lauslegt mat á áætlunina með svokallaðri SVÓT-greiningu, þ.e. styrkleika hennar, veikleika, ógnanir og tækifæri.

Að lokum er dregið saman mat ráðgjafa IMG vegna þátttöku Íslendinga í Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins.

Í viðaukum með skýrslu þessari eru síðan birtar ýmsar tölfræðilegar upplýsingar vegna áætlunarinnar.



## 2.2. Niðurstöður

IMG var falið af stjórn NPP á Íslandi að kanna og meta gildi Norðurslóðaáætlunar ESB fyrir Ísland, framkvæmd hennar hér á landi og árangur af þátttökunni. Í eftirfarandi kafla má finna helstu niðurstöður þessa mats.

### 2.2.1. Gildi áætlunarinnar fyrir Íslendinga

Íslendingar hafa notið góðs af ýmiss konar Evrópusamstarfi og ber þar hæst ávinninginn af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES). Gildi Norðurslóðaáætlunarinnar fyrir Íslendinga má skipta í þrennt: almennt gildi, gildi fyrir Byggðastofnun og gildi fyrir þátttakendur.

Almennt séð nýtur samfélagið góðs af áætluninni þar sem yfirfærsla tækniþekkingar er umtalsverð auk þess sem landsbyggðinni gefst kostur á að taka þátt í alþjóðlegum verkefnum. Verkefni áætlunarinnar hafa einnig ákveðið gildi fyrir Byggðastofnun þar sem starfsmenn fá tækifæri til að efla eigið tengslanet og öðlast reynslu af vinnu við alþjóðleg verkefni. Að lokum hafa verkefni áætlunarinnar mikið gildi fyrir þátttakendurna sjálfa, m.a. vegna yfirfærslu tækniþekkingar, myndun persónulegra tengslaneta innanlands sem utan auk þess sem samstarf fyrirtækja og stofnana stuðlar frekar að lausn vandamála á strjálbýlum svæðum.

### 2.2.2. Árangur af þátttöku

Árangur af þátttöku Íslendinga í Norðurslóðaáætluninni er ótvíræður. Almennt verður það að teljast hafa verið farsæl ákvörðun íslenskra stjórnvalda að taka þátt í fjölþjóðasamvinnu af þessum toga.

Ísland gerðist formlegur aðili að NPP í júní 2002 og síðan þá hefur verið tekið þátt í 27 verkefnum og þar af fara fulltrúar Íslands með verkefnastjórn í fjórum verkefnum. Í þessum verkefnum eru alls 52 formlegir umsækjendur frá Íslandi en fjöldi þeirra, sem koma að verkefnum með einum eða öðrum hætti, er á þriðja þúsund manns. Til samanburðar má geta þess að Norðmenn eru einnig þátttakendur í 27 verkefnum og fara með stjórn í fjórum en fjöldi umsækjenda er aðeins meiri en frá okkur, eða 60 talsins.

Einnig er fróðlegt að skoða það framlag, sem íslensk stjórnvöld veita til áætlunarinnar, í samhengi við heildarkostnað verkefna. Framlag stjórnvalda hefur numið samtals 108 mkr. en heildarkostnaður verkefna, þar sem Íslendingar eru þátttakendur, nemur nærri 2,4 milljörðum króna. Með framlagi íslenskra stjórnvalda hefur því í raun tekist að 20-falda fjármagn til verkefna með þátttöku annarra aðila. Þetta verður að telja afar góðan árangur.

### 2.2.3. Framkvæmd áætlunarinnar

Landsskrifstofa NPP er staðsett hjá Byggðastofnun og heyrir undir iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti. Landsskrifstofan annast m.a. leit að íslenskum aðilum til þátttöku í verkefnum, vinnur með þátttakendum, miðlar upplýsingum og hefur yfirsýn yfir úrvinnslu verkefna.

Landsskrifstofa NPP á Íslandi lýtur sérstakri stjórn og í henni eru eftirtaldir: Baldur Pétursson, formaður, frá iðnaðarráðuneyti, Herdís Sæmundardóttir frá Byggðastofnun og Pétur Snæbjörnsson, hóteltjóri Reynihlíð, og starfsmaður hennar er Þórarinn Sólmundarson frá Byggðastofnun. Framkvæmd og rekstur áætlunarinnar á Íslandi er í höndum stjórnar fyrir hönd Íslands.

Beinn kostnaður Byggðastofnunar vegna þátttöku Íslands í NPP er tvíþættur: launakostnaður, en stofnunin leggur til einn starfsmann í 70% starfi við að sinna verkefnum í tengslum við NPP, og almennur rekstrarkostnaður. Til þess að gera stofnuninni kleift að standa straum af útgjöldum í tengslum við framangreind verkefni veitir Aðalskrifstofa NPP Byggðastofnun árvisst rekstrarframlag. Raunkostnaður Byggðastofnunar af landsskrifstofu NPP á Íslandi er þó mun meiri en sem nemur rekstrarframlagi NPP.

Verkefnin 27 falla flest ef ekki öll að markmiðum áætlunarinnar. Verkefnin hafa aukið virkni þátttökusvæða með því að veða á móti þeim erfiðleikum sem eru fylgifiskar afskekktar og dreifðar byggða ásamt miklum vegalengdum. Verkefnin hafa stuðlað að atvinnuþróun og nýsköpun sérstaklega tengd hinum miklu náttúruauðlindum norðurslóða, s.s. orkuvinnslu, skógum og auðlindum hafsins, náttúruvegurð og umhverfisgæðum með áherslu á sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda.

#### **2.2.4. Skilvirkni áætlunarinnar hér á landi**

Til samræmis við meginmarkmið Norðurslóðaáætlunar er skilvirkni mæld sem hlutfallið milli framlags annars vegar og fjölda þátttökulanda eða fjölda þátttakenda hins vegar. Slíkur útreikningur leiðir í ljós að framkvæmd áætlunarinnar er skilvirk hér á landi þar sem bæði framlög til verkefna með fleiri en þrjú þátttökulönd og framlög til verkefna með tvo þátttakendur eða fleiri voru hærri en framlög til annarra verkefna. Nokkra athygli vakti þó að mun hærri framlag var sett til verkefna í einum áhersluflokki samanborið við framlög til annarra flokka.

#### **2.2.5. Gagnrýni frá þátttakendum**

Athugasemdir og ábendingar fengust frá forsvarsmönnum 17 verkefna af 27 og snerist gagnrýni þeirra einkum um fimm atriði: skrifræði í tengslum við umsóknir og skýrsluskil, þunglamalegt greiðslufyrirkomulag yfirstjórnar NPP, lágur styrkuppþæðir til verkefna og kynning af skornum skammti. Tvö fyrstu atriðin eru í takt við þá gagnrýni sem stjórn NPP hefur fengið í matsskýrslum annarra rannsóknarstofnana.

#### **2.2.6. Ábendingar og tillögur**

Að beiðni stjórnar NPP á Íslandi setti IMG Ráðgjöf fram nokkrar ábendingar og tillögur að breytingum á framkvæmd Norðurslóðaáætlunar hér á landi. Þær snerta eftirfarandi þætti:

- Auka verður mælanleika markmiða NPP-áætlunarinnar við framkvæmd hennar.
- Kynningarstarf og rekstur landsskrifstofu verði eflað.
- Markvissari miðlun þekkingar til nýrra þátttakenda.
- Meiri áhersla verði lögð á samvinnu opinberra stofnana og fyrirtækja í einkageiranum.
- Kerfisbundin mæling á skilvirkni fjárframlags annars vegar og útkomu hins vegar.
- Jafnari dreifing framlags eftir áhersluflokkum.
- Mörkuð verði stefna um upphæðir styrkja til þátttakenda í verkefnum héraðs.
- Bein þátttaka Bygðastofnunar (annast rekstur landsskrifstofu NPP Íslandi) í verkefnum NPP verði skoðuð nánar.

Varðandi ofangreinda liði er rétt að taka fram að NPP-áætlunin er alþjóðlegt verkefni sem heyrir undir alþjóðlega verkefnisstjórn þátttökulandanna og lýtur reglum ESB. Íslendingar eiga aðild að aðalstjórn NPP-áætlunarinnar sem þátttökuland og geta þannig haft áhrif á rekstur og mótun hennar eftir tilefni og aðstæðum – og hafa þeir m.a. lagt áherslu á einföldun og minnkun skrifræðis sem sérstaklega verður tekið tillit til við mótun næsta verkefnis 2007-2013.

Aðalstjórn NPP lætur utanaðkomandi ráðgjafa meta áætlunina reglulega. Hvað varðar þá þætti sem einungis varða innlenda þátttöku hefur stjórn NPP á Íslandi lagt áherslu á að meta reglulega árangur verkefnisins og er þessi skýrsla IMG liður í þeirri stefnumörkun en Ísland er eina landið sem látið hefur vinna slíka skýrslu. Hvað varðar einstaka ofangreinda liði má einnig taka fram að kynningarstarf var ekki aukið þar sem spurn eftir fjármagni til verkefna var frá upphafi langt umfram væntingar og önnur atriði eru einnig tengd almennt rekstri NPP-áætlunarinnar í heild.



### 3. Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins

#### 3.1. Hluti af uppbyggingarstefnu ESB

Uppbyggingaráætlanir eða byggðaáætlanir Evrópusambandsins beinast að mestu að því að efla sjálfbæra hagþróun þeirra svæða sem að einhverju leyti standa verr að vígi en önnur. Umtalsverðir fjármunir eru nýttir til að hvetja til framþróunar þeirra landsvæða sem standa höllum fæti, m.a. í byggðaðróun, atvinnumálum, félagsmálum, eða út frá landfræðilegu tilliti.

Uppbyggingar- eða byggðastyrkir þessir fara í gegnum tiltekna sjóði Evrópusambandsins: Evrópska byggðaðróunarsjóðinn (ERDF), Félagsmálasjóð Evrópu (ESF), Uppbyggingarsjóð landbúnaðarins (EAGGF) og Sjávarútvegssjóðinn (FIFG).

Fyrir utan ofangreinda uppbyggingarsjóði hafa verið sett upp fjögur svokölluð frumkvæðisverkefni ESB og er þeim ætlað að treysta hagþróun einstakra svæða, s.s. með því að efla samstarf á dreifbýlum svæðum með almennum aðgerðum. Frumkvæðisverkefnin eru Interreg III, Urban II, Leader+ og Equal. Þessi verkefni eru ekki stór í sniðum miðað við ofangreinda sjóði. Þau eru samtals að fá um 5,4% af fjárframlögum úr uppbyggingarsjóðunum. Á árunum 2000-2006 er þessum frumkvæðisverkefnum úthlutað alls 10,3 milljarða evra: Urban (0,7), Equal (2,8) Leader (2,0) og Interreg III hefur um 4.9 milljarða evra.


Í máli þeirra, sem um þessi mál fjalla hér á landi, er Interreg frumkvæðisverkefnið nær alltaf nefnd áætlun. Því er einnig fylgt hér.

##### 3.1.1. Interreg áætlunin

Interreg áætlun Evrópusambandsins var hrundið af stað árið 1991 og er henni best lýst sem samfélagslegu átaksverkefni með það að markmiði að auka sjálfbæran hagvöxt, s.s. með eflingu samskipta og samstarfs einstakra svæða innan Evrópusambandsins. Áætlunin er nú í keyrð í þriðja sinn. Interreg I náði yfir árin 1991-1993, Interreg II náði yfir tímabilið 1994-1999 og Interreg III, sú sem Íslendingar taka þátt í, nær yfir árin 2000 til 2006.

Allir styrkir sambandsins í gegnum Interreg III eru veittir samkvæmt reglum uppbyggingarsjóðanna og verða því einnig að falla að hæfisreglum um úthlutanir.

**Mynd 3.1 Uppbyggingarstefna og sjóðir ESB**



Framlag ERDF getur fjármagnað 75% af heildarkostnaði verkefna á fátækustu svæðunum [þau er falla undir 1. uppbyggingarmarkmið] og 50% af heildarkostnaði verkefna á öðrum svæðum.

Sérstakar reglur gilda um skil þeirra verkefna er falla undir uppbyggingaráætlanir ESB og fjárhagslega endurskoðun þeirra. Nánari er vikið að því síðar

Interreg er að fullu fjármögnuð af Evrópska byggðapróunarsjóðnum (ERDF). Meginmarkmið hans er að draga úr aðstöðumun milli svæða innan ESB, á sama tíma og sjóðurinn er notaður sem hvati til þróunar og umbreytingar svæðanna og til að efla hagþróun þeirra. Áhersla er lögð á efnahagslega uppbyggingu með sérstaka áherslu á samgöngu-, fjarskipta- og orkumál auk umhverfisverndar. Einnig eru fjárfestingar tengdar mennta- og heilbrigðismálum fjármagnaðar af ERDF.

Interreg III er ætlað að styrkja efnahagslega og félagslega samvinnu á milli svæða innan Evrópusambandsins. Sérstök áhersla er lögð á að styðja við afskekkt svæði og svæði sem eiga landamæri að þeim löndum sem nú eru að sækja um aðild. Áætlunin, sem telst ekki stór í sniðum miðað við uppbyggingaráætlanir og sjóði Evrópusambandsins, fær um 4.875 milljónir evra frá ERDF [um 375 milljarðar ísl. kr.].

Interreg III áætluninni er skipt niður á þrjú svið:


- **Svið A** (67% fjármagns) sem snýr að samvinnu þvert á landamæri til að efla samþættingu í uppbyggingu svæða sem liggja að landamærum.
- **Svið B** (27% fjármagns) sem styður hvers konar samvinnu þvert á þjóðerni og landamæri og stuðlar að samþættingu og samræmingu milli svæða innan sambandsins.
- **Svið C** (6% fjármagns) miðar að því að styrkja samvinnu milli svæða til að bæta sameiginlega efnahagslega uppbyggingu þeirra.

Íslendingar taka einungis þátt í litlum hluta af B-sviði Interreg samanbórið við t.d. Norðmenn sem taka þátt í verkefnum á öllum sviðum Interreg. Öll sviðin geta verið opin EFTA - ríkjum kæri þau sig um að greiða kostnað sem fylgi þátttöku viðkomandi lands. Þau lönd, sem eru þátttakendur, koma að stjórn verkefnisins og hafa veigamikil áhrif á afgreiðslu einstakra verkefna. Þess ber einnig að geta að fulltrúar þátttökulanda koma einnig að stefnumótun og útfærslu áætlunarinnar sem síðan er staðfest af ESB.


Á B-sviði hafa verið skilgreind þrettán samstarfssvæði og hafa Íslendingar aðgang að einu af þessum 13 verkefnum. Meðal þessara 13 svæða eru t.d. Miðjarðarhafið, Alþarnir, Norðursjór, Eyjarnar Asor- Madeira – Kanaríeyjar, Eystrasaltlöndin og svokallað Norðursvæði [Northern Periphery Programme, NPP] en það er til umfjöllunar í þessari skýrslu.

Utan ofangreindra þriggja sviða fjármagnar Interreg III tvö önnur verkefni. Annars vegar ESPON-netið (European Spatial Planning Observatory Network/ESDP – European Spatial Development Program) og hins vegar INTERACT-verkefnið (Interreg animation, coordination et transfert d'expérience programmes). Þessi verkefni, sem ganga þvert á önnur svið Interreg. ESPON, snúa að áætlanagerð á sviði byggða- og skipulagsmála en INTERACT er sett upp til að styðja við yfirvöld og samtök sem eru þátttakendur í Interreg verkefnum ásamt því að miðla upplýsingum um Interreg til almennings.

Mynd 3.2 Tengsl ERD, Interreg III og Norðurslóðaáætlunarinnar




Á meðfylgjandi mynd er sýnt hvert samspil A og B hluta Interreg III áætlunarinnar er fyrir Norðurlönd. Alls hafa verið skilgreind 14 samstarfssvæði á Norðurlöndum. Ellefu þeirra falla undir svið A en einungis þrjú undir B-hluta áætlunarinnar, þar á meðal er starfssvæði Norðurslóðaáætlunarinnar.



### 3.2. Landsvæði

Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins, eða NPP (Northern Periphery Programme), er ein af þrettán Interreg III B áætlunum sambandsins. Ísland gerðist aðili að áætluninni árið 2002 en önnur þátttökulönd eru Noregur, Svíþjóð, Finnland og Skotland, Færeyjar og Grænland. Auk þess hafa aðilar frá norðvesturhluta Rússlands og Kanada þátttökurétt í verkefnum með því að greiða þann kostnað sem fylgir þátttöku, eins og m.a. Ísland.



### 3.3. Markmið og áherslur

Meginmarkmið Norðurslóðaáætlunar (NPP) er að stuðla að eflingu atvinnu- og efnahagslífs svæða í mismunandi landshlutum með því að styrkja samstarfsverkefni einstaklinga, fyrirtækja og stofnana á þessum svæðum.

#### Skipta má meginmarkmiði Norðurslóðaáætlunar í fernt:

- Að stuðla að sjálfbærri og hagsælli þróun samfélaga.
- Að vinna að skynsamlegri nýtingu menningarlegra og náttúrulegra auðlinda.
- Að auka skilvirkni og nýta betur þá möguleika sem norðurslóðir hafa upp á að bjóða.
- Að bæta upp erfiðar aðstæður sem skapast af óblíðri veðráttu, miklum vegalengdum, erfiðum landsháttum og dreifðri búsetu.



## Áherslur verkefna áætlunarinnar eru þrenns konar:

- Átaksverkefni tengd samgöngum og fjarskiptum.
- Átaksverkefni tengd atvinnuþróun og vistvænni nýtingu náttúruauðlinda.
- Átaksverkefni sem tengjast eflingu samfélaga á norðurslóðum.

## Smábæjanet Íslendinga, Finna, Skota og Svía

Smábæjanet (Small Town Networks) er samstarfsverkefni Austur- Héraðs, Búðahrepps, Fjarða- byggðar og Seyðisfjarðar með afskekktum sveitarfélögum í Finnlandi, Skotlandi og Svíþjóð. Hugmyndin á bak við verkefnið er að ákveðin þyrping sveitarfélaga í hverju landi deili sinni reynslu og þekkingu og nýti jákvæð samlegðaráhrif öllum til hagsbóta.

Að sögn Stefáns Stefánssonar, framkvæmdastjóra Þróunarstofu Austurlands, er markmiðið með verkefninu „að blása nýju lífi í minni sveitarfélögin með því að virkja ólíka aðila sveitarfélaganna og fá þau til að vinna saman. Skipst er á reynslu, þekkingu og aðferðum um hvernig smá samfélög takast á við breytt og sums staðar hnignandi atvinnulíf og fólksfækkun.“

Markmið með þátttöku okkar var að styrkja og efla samfélag svæðisins með því að treysta samstarf sveitarfélaganna og byggja upp skipulag sem vinnur með þróun þeirra og er vettvangur sameiginlegrar ákvörðunartöku.

### Áherslur smábæja

Stefán segir verkefnið nokkuð fjölbreytt enda er það minni sveitarfélögum mikilvægt að nýta allar þær bjargir er þeim bjóðast. Málaflokkum og helstu verkefnum má skipta í fernt: ungt fólk, samgöngur, bæði til og frá svæðinu og innan þess, mótun samstarfsvettvangs sveitarfélaganna og fjölskylduvænt samfélag.

Sem dæmi um fjölbreytnina hefur þremur ungmennum frá Fljótshéraði og Fjarðabyggð verið boðin þátttaka í golfmóti á hinum þekktu Royal Dornoch golfvelli í Sutherland í Skotlandi en þangað hafa Andrés Bretaprins, Greg Norman og leikarinn Jack Nicholson vanið komur sínar.

### Að miðla eigin reynslu

„En fjölþjóðasamvinna gengur einnig út á að miðla af eigin þekkingu. Við Austfirðingar höfum margvíslegri reynslu að miðla. Þannig hefur Vöktunarverkefni Þróunarfélagsins og Háskólans á Akureyri vakið mikla athygli. Það verkefni gengur út á að fylgjast með þeim samfélagsbreytingum sem mögulega verða á austfirsku samfélagi með tilkomu stóriðju á Austurlandi. Tilgangurinn með því er að koma auga á æskilegar og óæskilegar breytingar sem verða á samfélaginu og sporna við þeim óæskilegu og fylgja þeim æskilegu eftir. Þetta verkefni hefur vakið mikla athygli hjá samstarfssveitarfélögunum. Verkefnið hefur m.a. verið kynnt í skoskum fjölmiðlum.“

Stefán segir að ef eitthvað megi gagnrýna sé það eigið vanmat á hvað svona verkefni taki langan tíma í fæðingu. „Það tekur sinn tíma að slípa slíkt samstarf. Þegar það er búið kemur í ljós að við eigum mjög margt sameiginlegt með Svíum og Finnum, að ekki sé talað um Skota.“



Þessar áherslur eru skýrðar hér á eftir:

### 3.3.1. Áhersla 1 – Samgöngur og fjarskipti

- **Átak 1.1** Samgöngur, flutningar og innviðir samgöngukerfa
- **Átak 1.2** Aðgangur að upplýsingasamfélaginu

Áhersla er lögð á að auka virkni þeirra svæða, sem áætlunin nær yfir, með því að veða á móti þeim erfiðleikum sem eru fylgifiskar afskekktara og dreifðra byggða ásamt miklum vegalengdum. Markmið með átaksverkefnum er að bæta fjarskipti, bæta aðgengi að upplýsingatækni og bæta samgöngur.

### 3.3.2. Áhersla 2 – Atvinnuþróun og vistvæn nýting náttúruauðlinda

- **Átak 2.1** Sjálfbær nýting náttúrunnar og náttúruauðlinda
- **Átak 2.2** Nýsköpun í atvinnulífi og efling mannauðs

Miklar náttúruauðlindir einkenna norðurslóðir og er þá horft til orkuvinnslu, skóga og auðlinda hafsins, náttúrufegurðar og umhverfisgæða. Þessar auðlindir norðursins eru viðkvæmar og að þeim steðja ýmsar hættur vegna mengunar, ofnýtingar og veðurfarsbreytinga. Þessi áhersla hvetur til sjálfbærrar nýtingar náttúruauðlinda þar sem sérstaklega er horft til samspils umhverfisverndar og efnahagslegrar nýtingar.

### 3.3.3. Áhersla 3 – Efling samfélaga

- **Átak 3.1** Samfélagsþjónusta
- **Átak 3.2** Almenn stjórnslásla og skipulagsmál

Styðja þarf við samfélög norðurslóða með það að markmiði að treysta fullnægjandi opinbera þjónustu. Til að svo megi verða er þörf fyrir nýja nálgun. Hin dreifða búseta norðurslóða gerir það að verkum að bæði erfitt og kostnaðarsamt er að samræma þá þjónustu sem samfélagið veitir. Finna þarf og þróa hugvitssamlegar og árangursríkar leiðir til að auka gæði þessarar þjónustu og víkka út það svæði sem getur notið hennar að fullu.

Verkefnin eru unnin af ýmsum aðilum en þeir, sem tekið geta þátt, eru sveitarfélög, félagasamtök, ríkisstofnanir, atvinnuþróunarfélög, fyrirtæki, háskólar og rannsóknarstofnanir.

### 3.3.4. Framtíð Interreg samstarfsins

Ný og mun einfaldari umgjörð allra uppbyggingaráætlana Evrópusambandsins hefur nú verið kynnt fyrir árin 2007-2013. Þar er reiknað með mun meiri fjármunum enda Evrópusambandið stærra í sniðum nú. Þannig er gert ráð fyrir 336 milljörðum evra í stað 213 milljarða evra áður. Með innkomu nýrra ríkja Mið- og Austur-Evrópu er reiknað með að stærstur hluti fjármagnsins leiti austur á bóginn. Gert er ráð fyrir áframhaldandi þátttöku Íslands í nýrri áætlun.

Í hinni nýju umgjörð er gert ráð fyrir Interreg frumkvæðisverkefnið falli inn sem eitt markmiða uppbyggingaráætlana. Óvíst er með framhald á ofangreinda skiptingu í 13 svæði sem er sá grunnur er NPP byggir á. Gert er ráð fyrir að verkefnin, er byggja á grunni Interreg, verði áfram fjármöggnuð af ERDF-sjóðnum. Margt bendir til þess að ef svæðaskiptingu verði viðhaldið muni hún verða einfölduð og e.t.v. sameinist nálæg svæði og stækki.

---

„Verkefnið „Destination Viking“ hefur mjög sterka íslenska skírskotun. Íslendingar eru „Lead-Partner“ í verkefninu enda er límið í verkefninu Íslendingasögurnar sem voru skrifaðar hér á landi endur fyrir löngu.“

**Rögvaldur Guðmundsson, Destination Viking.**

---

### **3.4. Fjármagn og framkvæmd**

#### **3.4.1. Fjármögnun Norðurslóðaáætlunarinnar**

Heildarfjármagn Norðurslóðaáætlunarinnar er 55,8 milljónir evra, eða u.þ.b. 4,4 milljarðar íslenskra króna. [1 evra = 78,5 ísl. kr.]. NPP er þannig einungis smávægilegur hluti Interreg III sem hefur um 4,9 milljarða evra (um 375 milljarða ísl. kr.) til ráðstöfunar.

Evrópusambandið ver 22,6 milljón evra til Norðurslóðaáætlunar – INTERREG III B. Að auki leggja aðildarríki sambandsins, Stóra-Bretland [Skotland] Finnland, Svíþjóð, til 15,5 milljónir evra þannig að heildarfjármögnun af hálfu ESB er 38,1 milljónir evra.

Þessu til viðbótar leggja Noregur, Ísland, Færeyjar og Grænland til 7,8 milljón evra, þar af eru 5,5 milljónir evra frá Noregi, 1,5 milljónir evra frá Íslandi, 0,38 milljónir evra frá Færeyjum og 0,38 milljónir evra sömuleiðis frá Grænlandi. Þetta fjármagn samsvarar fjármögnun ESB frá aðildarríkjunum. Opinber viðbótarfjármögnun frá þessum ríkjum er áætluð 5,2 milljónir evra og að auki er einkafjármögnun frá aðildarríkjunum áætluð 3,3 milljónir evra og einkafjármögnun utan aðildarríkjanna er áætluð 1,4 milljónir evra. Því er áætlað að heildarfjármagn fyrir þátttakendur utan Evrópusambandsins og einkafjármögnun sé samanlagt um 17,7 milljónir evra.

Fjármögnun Norðurslóðaáætlunarinnar byggist þannig á framlögum aðildarríkja Evrópusambandsins og ríkjum utan sambandsins að upphæð 30,4 milljónir evra. Þess utan er áætlað að viðbótarfjármögnun frá opinberum eða hálfopinberum sjóðum ríkjanna sé tæplega 20 milljónir evra og 4,77 milljónir evra komi frá einkafjármögnum ríkjanna utan ESB.

Með fjármögnun frá opinberum eða hálfopinberum sjóðum er átt við aðila hér á landi eins og Byggðastofnun, Nýsköpunarsjóð, Iðntæknistofnun, Ferðamálaráð, Framleiðnisjóð landbúnaðarins, NORA, sveitarfélög, háskóla og rannsóknarstofnanir. Einnig er átt við lögaðila er hafa „yfirbragð opinberra eða almanna samtaka“. Dæmi þar um eru Viðskiptaráð, atvinnuþróunarfélög og önnur félög sem hafa ekki arð að meginmarkmiði.

#### **3.4.2. Kröfur um mótfjármögnun verkefna hærrí hér**

Almenna reglan við mótfjármögnun verkefna hjá NPP er að 50-60% af kostnaði verkefna er fjármagnað. Í einstaka undantekningartilvikum er möguleiki á 75% fjármögnun verkefna.

Kröfur um mótfjármögnun eru hærrí hér á landi samkvæmt ákvörðun stjórnar NPP á Íslandi. Hámarksframlag til einstakra verkefna hér á landi er 6 milljónir kr. (70.000 evrur) þó getur fjármögnun aldrei orðið hærrí en sem nemur 50% af heildarkostnaði við verkefni. Aðilar verkefnisins verða því að útvega með öðrum leiðum 50% af kostnaði viðkomandi verkefnis.

Mögulegt er að sækja um undirbúningsstyrk til þess að móta verkefni og leita samstarfsaðila. Að því verður nánar vikið síðar.

Framlag íslenskra stjórnvalda til áætlunarinnar er 25 milljónir ísl. kr. á ári og eru íslenskir umsækjendur eingöngu styrktir með þessu framlagi. Á árinu 2005 var ákveðið að auka framlag

Íslands til áætlunarinnar um 8 milljónir til þess að hægt væri að taka þátt í fyrirbyggjandi áhugaverðum verkefnaumsóknum. Með ráðstöfun fjármagns til verkefna í júní 2005 hefur öllu fjármagni Íslands til áætlunarinnar verið ráðstafað.

---

„Það er ekki vafi í mínum huga að verkefnið „Smábæjanet“ (Small Town Networks) hefur fært þátttakendum mikið. Verkefnið, sem miðar að sameiginlegri stefnumótunarvinnu smárra sveitarfélaga, hefur fært sveitarstjórnarmenn á norðlægum slóðum nær hver öðrum. Þróunarfélag Austurlands hefur einnig komist í mikilvæg kynni við sambærileg verkefni í þáttökulöndunum.“

***Stefán Stefánsson, Þróunarstofu Austurlands.***

---

### **3.4.3. Umsóknir um undirbúningsstyrki**

Eins og greint er frá hér að framan eru í boði undirbúningsstyrkir til þess að móta verkefni og leita samstarfsaðila. Hér eru annars vegar veittir aukastyrkir (Micro Projects) að hámarki 5.000 evrur (um 425.000 ísl. kr.) upp að helmingi kostnaðar, til þess að finna samstarfsaðila. Þessir styrkir eru sérstaklega ætlaðir til að auðvelda Íslandi, Færeyjum og Grænlandi og Norðvestur-Rússlandi þátttöku í verkefnum. Hins vegar eru veittir hærri styrkir til að vinna forverkefni og skrifa umsókn (Preparatory Projects). Forverkefnastyrkur getur numið allt að 15.000 evrum (um 1.275.000 ísl. kr.) og er ætlaður til að kosta allt að helming útlagðs kostnaðar vegna ferðalaga.

Samkvæmt ársskýrslu NPP fyrir árið 2004 hafði Aðalskrifstofa NPP í Kaupmannahöfn fengið 72 umsóknir um undirbúningsstyrki og viðbótarstyrki og þar af voru 42 samþykktir.


### **3.4.4. Umsóknarferli**

Upphaf verkefna er oft þannig að tengslanet fulltrúa landsskrifstofa áætlunarinnar [RCP] og Aðalskrifstofu NPP í Kaupmannahöfn [The Joint Programme Secretariat – JPS] senda sín á milli hugmyndir að verkefnum. Í hverju þáttökulandi er einnig starfandi svokölluð svæðaráðgjafanefnd (RAG) sem veitir umsagnir um verkefni.

Upphaf verkefna getur verið með ýmsum hætti, m.a. í kjölfar þemakynninga sem haldnar eru um einstök áherslusvið áætlunarinnar. Verkefnahugmyndir berast þessum aðilum eftir ýmsum brautum en þó oftast þannig að hugmynd er komið á framfæri beint við RCP-fulltrúa frá þeim aðilum sem áhuga hafa að byrja á viðkomandi verkefni. RCP kannar síðan í framhaldinu hvort áhugi sé fyrir hugsanlegri þátttöku með því að senda út tilkynningar og með viðtölum við stofnanir, fyrirtæki, atvinnuþróunarfélög og fleiri eftir áherslum verkefnis í viðkomandi löndum. Ef áhugi er til staðar er komið á tengingum á milli aðila og áfram unnið með frumhugmynd verkefnisins svo áherslur hvers þáttökulands fái að koma fram.



Mynd 3.3 Umsóknarferli Norðurslóðaáætlunar



Ef líkur eru taldar til að úr hugmyndinni megi gera aðalumsókn er almennt gert ráð fyrir að aðilar hittist á tveimur undirbúningsfundum og ljúki umsóknarferli. Jafnframt er sótt um forverkefnisstyrk sem er ætlaður til að kosta að hluta ferðalög. Eins og að ofan greinir geta Íslendingar, Grænlandingar og Færeyingar einnig sótt um viðbótarstyrk eða svokallaðan „Microstyrk“ vegna sérlega mikils kostnaðar við þátttöku á slíkum fundum. Frá því að ákvörðun um forverkefnisstyrk liggur fyrir líða oft 2-4 mánuðir þar til umsókn er fullfrágengin og send til áætlunarinnar til efnislegrar meðferðar.

Í sumum tilvikum eru tengsl og verkefnishugmynd þegar til staðar þegar haft er samband við RCP eða JSP. Þá er leitast við að víkka út samstarfsnetið bæði héraendis og erlendis til að verkefnið geti verið sem sterkast og hafi sem breiðasta skírskotun.

Umsóknarrestir eru tveir á ári og er niðurstöðu að vænta innan þriggja mánaða.

---

„Mjög mikilvægur þáttur í þessum verkefnum er yfirfærsla á þekkingu, hugmyndum og reynslu. Þetta hefur skilað okkar svæði miklu nú þegar og gerir það að verkum að án efa á að taka þátt í NPP áfram.“

**Gunnar Jóhannesson, Snow Magic.**

---

#### 3.4.5. Mat á umsóknum

Eftir að umsóknir berast innan umsóknarrests til JPS fer skrifstofan yfir gögnin og gengur frá skýrslu sem lýsir tæknilegum atriðum, þ.e. að öllum skilyrðum sé fullnægt, þ.m.t. að verkefnið rúmist innan áherslna áætlunarinnar og samstarfsnetið hafi lágmarkspáttöku þriggja landa með a.m.k. einu Evrópusambandsríki.

Til að umsókn sé tæk verður verkefnið að:

- vera í samræmi við markmið og tilgang Norðurslóðaáætlunarinnar;
- með áherslu á fjölþjóðlega samvinnu;
- innihalda þrjá eða fleiri þátttakendur frá a.m.k. þremur þátttökuríkjum áætlunarinnar, þar af einu frá ESB;

- sýna fram á framlag verkefnisins til byggðapróunar;
- taka tillit til sjálfbærrar þróunar efnahagslegra, félagslegra og umhverfislegra þátta;
- taka tillit til jafnra tækifæra kynja, aldurshópa og minnihlutahópa;
- vera ólíkt þeim verkefnum sem eru í gangi eða hefur verið lokið við;
- vera með hagkvæma en raunsæja fjárhagslega áætlun;
- sýnast raunhæft í framkvæmd og líklegt til að lifa þegar fjármögnun verkefnisins lýkur.

Í hverju þátttökulandi er svokölluð svæðaráðgjafanefnd (RAG) sem veitir umsagnir um verkefni. Ofangreind gögn ásamt umsókn eru þá send til RAG í hverju landi til skoðunar og mats. Í hverju landi eru gefnar einkunnir fyrir fjölmarga þætti sem samanlagt gefa einkunn. Jafnframt leggur RAG mat á verkefnið út frá mikilvægi og getu umsækjenda til að framkvæma verkefnið og fjallar um hvort viðbótartengingar myndu styrkja verkefnið sem slíkt.

PMC ákvarðar endanlega afgreiðslu verkefna, getur samþykkt eða hafnað umsókn, lagt fram ábendingar og sett fram skilyrði fyrir afgreiðslu sem t.d. lúta að fjármögnun verkefnis, umfangi, áherslum og tengslum/þátttakendum. Verkefninu er þá settur ákveðinn tímarammi til að bæta úr því sem á vantar en að því fengnu og fyrirbyggjandi samþykki JSP getur verkefnið hafist.

NORA (Norræna Atlantsnefndin heyrir undir Norrænu ráðherranefndina) kemur fram fyrir hönd Grænlands, Færeyja og Íslands gagnvart Aðalskrifstofu NPP (JSP) og skilar sameiginlegu mati til JSP. Aðalskrifstofan safnar saman umsögnum og stigagjöf allra þátttökulanda og útbýr greinargerð sem lögð er fram á fundi Eftirlitsráðs Norðurslóðaáætlunarinnar (PMC) til ákvörðunar.

Ekki er algengt að umsóknum sé hafnað því ofangreindur ferill umsókna tryggir að hluta a.m.k. að verkefnahugmyndin er stöðvuð í ferlinu áður en að umfjöllun PMC kemur ef umsókn telst ekki líkleg til að fá afgreiðslu eða hún fellur ekki að áherslum áætlunarinnar.

Niðurskurður fjármagns og athugasemdir við verkáætlun og kostnað eru aftur á móti algengar.

#### **3.4.6. Frumkvæði að verkefnum**

RCP-fulltrúi áætlunarinnar hjá Byggðastofnun gegnir mikilvægu miðunarhlutverki þar sem honum berast hugmyndir erlendis frá sem hann kemur á framfæri við innlenda aðila eða kemur innlendum hugmyndum á framfæri erlendis. Því er mikilvægt að RCP-fulltrúinn hafi staðgóða þekkingu á atvinnulífi og byggðamálum og hafi greiðar tengingar.

Jafnframt nýtast RAG-fulltrúar afar vel við ábendingar um hugsanlega þátttakendur í verkefnum.

#### **3.4.7. Fjárveitingar til verkefna**

Útborgun styrkja er annars vegar gerð með bráðabirgða- eða millibilsgreiðslum til styrkþega og endanlegu uppgjöri til styrkþega. Það uppgjör er endurskoðað samkvæmt reglum Evrópu-sambandsins.

Afgreiðslubeiðnir eru sendar Aðalskrifstofu NPP í Kaupmannahöfn [JPS]. Skrifstofan kannar umsóknina og biður um frekari upplýsingar sé þess þörf. Annars er krafan send til Stjórnunar- og fjármálaskrifstofu áætlunarinnar [MA] sem hefur aðsetur í Umea í Svíþjóð. Sú skrifstofa hefur eftirlit með því að allar fjárhagskröfur fari að settum reglum um fjárhagslega ábyrgð og endurskoðun. Að loknu þessu eftirliti gefur MA-skrifstofan út greiðsluheimild úr Evrópska byggðapróunarsjóðnum [ERDF] og viðeigandi sjóðum Noregs, Ísland, Grænlands og Færeyja til handa stjórnanda viðkomandi verkefnis.

### 3.4.8. Endurskoðun og eftirlit

Líkt og gert er við aðrar fjölþjóðlegar samstarfsáætlanir er byggt upp inn í Norðurslóðaáætlunina allmikið eftirlitskerfi, matsnefndir, útgáfa matsskýrsla, ársskýrsla o.s.frv. Allt er þetta gert til að tryggja hnökralausan framgang áætlunarinnar og að nýting fjármuna sé í samræmi við sett markmið og árangursmælikvarða. Reynslan sýnir að góð fjárhagsleg stjórnun og virkt eftirlitskerfi með verkefnum er Interreg áætluninni lífsnauðsynlegt.

Til að framkvæma ofangreint eftirlit er þannig skilið annars vegar á milli stjórnunar- og fjármálalegs hluta áætlunarinnar [Managing and Paying Authority – MPA] sem hefur aðsetur í Umea, Svíþjóð, og hins vegar aðalskrifstofu áætlunarinnar [Joint Programme Secretariat – JPS] sem er staðsett í Kaupmannahöfn, Danmörku.

Á vegum Norðurslóðaáætlunarinnar starfar framkvæmdaráð [Programming Monitoring Committee – PMC] en endanlegar ákvarðanir um hvaða verkefni eru styrkt eru teknar á fundum ráðsins. Þá er starfandi aðalstjórn fyrir áætlunina [Programming Monitoring Group – PMG]

Gerðar eru ríkar kröfur um fjárhagslega ábyrgð verkefna. Þannig er stjórnandi verkefna (Lead Partner) gerður ábyrgur fyrir fjárhag og samskiptum við samstarfsaðila sína.

Allir styrkir á vegum Interreg III eru veittir samkvæmt reglum uppbyggingarsjóða Evrópusambandsins og verða því einnig að falla að hæfisreglum um úthlutanir. Sérstakar reglur gilda um skil verkefna og fjárhagslega endurskoðun þeirra (System Audit Guidelines). Þannig þurfa verkefni til að mynda að falla að ströngum reglum sérstaks eftirlits Evrópusambandsins um fjárfvik.

Eitt af því, sem smærri aðilar í NPP-verkefnum hér á landi hafa kvartað yfir, er einmitt skýrslugerð og skil til NPP-skrifstofunnar í tengslum við fjármál og eftirlit. Segja má að það sé hins vegar einungis hluti af þátttöku í stórum, alþjóðlegum verkefnum.

## 3.5. Markmið Íslendinga með þátttöku

Í Byggðaáætlun 2002-2005 er fjallað um hugtakið „byggðastefna“. Í hugtakinu felst að það sé skipuleg viðleitni stjórnvalda til að hafa áhrif á þróun byggðar í tilteknum landshlutum, héruðum eða byggðarlögum og efla sjálfbæra hagþróun viðkomandi svæða. Byggðastefna sé samheiti yfir margvíslegar opinberar aðgerðir sem ætlað sé að styðja byggðarlög, héruð eða landshluta sem eiga undir högg að sækja. Opinberar aðgerðir geta t.a.m. falist í stuðningi við rannsóknir og nýsköpun, uppbyggingu samgöngu- og fjarskiptakerfa, stefnumótun innan atvinnugreina sem eru mikilvægur landsbyggðinni o.s.frv.

Einnig er mikilvægt að hafa hliðsjón af þróun alþjóðavæðingar og auknu alþjóðlegu samstarfi á flestum sviðum þjóðlífsins. Á sviði byggðamála er því afar mikilvægt að efla alþjóðlega samvinnu og þátttöku sem hluta af þessari hnattrænu þróun.





### 3.5.1. Hallar á landsbyggð í alþjóðlegu samstarfi

Í Byggðaáætlun 2002-2005 segir að Íslendingum hafi tekist vel að nýta sér þau tækifæri sem hafa gefist í alþjóðlegu samstarfi. Þátttaka í samstarfsáætlunum ESB hafi skilað sér í nýjungum í atvinnulífi og þjóðlífi og aukinni kunnáttu og þekkingu einstaklinga á samfélaginu. Þátttaka fyrirtækja og stofnana á landsbyggðinni í alþjóðlegum samstarfs- og rannsóknarverkefnum hafi hins vegar verið hlutfallslega minni en á höfuðborgarsvæðinu.

Skv. Byggðaáætlun 2002-2005 var markmiðið með þátttöku Íslands í Norðurslóðaáætlun ESB því skýrt strax frá upphafi: „Að auka þátttöku landsbyggðarfyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga í alþjóðlegu samstarfi.“

Jafnframt er meginmarkmið með þátttöku í áætluninni hið sama og kemur fram í áætluninni sjálfri, að efla atvinnu- og efnahagslíf svæða og byggða með svipaðar aðstæður, með samstarfsverkefnum yfir landamæri á milli einstaklinga, fyrirtækja og stofnana í þessum landshlutum.

Fjöldi verkefna hér á landi, fjöldi þátttakenda og efling tengslanets eru þar af leiðandi þeir mælikvarðar sem eðlilegast er að miða við í þessu sambandi enda erfitt að meta þætti eins og hagvöxt, atvinnustig og veltu fyrirtækja þar sem verkefni Norðurslóðaáætlunar eru flest hver skammt á veg komin.

### 3.5.2. Gildi og markmið áætlunarinnar sjálfrar ná einnig til Íslands

Á það hefur verið bent að gildi áætlunarinnar, markmið og árangursmælikvarðar, sem settir hafi verið fyrir Norðurslóðaáætlunina, séu markmið Íslendinga einnig fyrir þátttöku í áætluninni. Í viðaukaskýrslu um Norðurslóðaáætlunina, sem Stjórnunar- og fjársýsluhluti Norðurslóðaáætlunarinnar [Managing and Paying Authority – MPA í Umea í Svíþjóð] gaf út í janúar 2005 og samþykkt var af Eftirlitsráði áætlunarinnar [PMC], eru sett fram gildi áætlunarinnar, markmið og árangursmælikvarðar. Íslendingar taka þátt í samningu þessa viðauka og setja sér þannig sömu markmið og mælikvarða.

Þrátt fyrir þetta mættu markmið með þátttöku í áætluninni vera skýrari í byggðaáætlun.

---

„Ég tel að það hefði e.t.v. verið gagnlegt, og ábyggilega áhugavert, að vita meira af öðrum NPP-verkefnum með íslenskum þátttakendum.“

***Sigrún Magnúsdóttir, Community Learning Networks (CLN-NPA II).***

---

## 4. Gildi Norðurslóðaáætlunar fyrir Ísland

Það þarf vart að fara mörgum orðum um þann ávinning sem Íslendingar hafa almennt haft af þátttöku í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES) þar sem höfuðáhersla hefur verið lög á nán samskipti ríkja Evrópusambandsins og EFTA-ríkjanna. Það samstarf hefur grundvallast á nálægð, sameiginlegu gildismati frá fornu fari og evrópskri samkennd.

### 4.1.1. Byggðamarkmið með EES-samningum

Um leið og stuðlað var að einsleitu Evrópsku efnahagssvæði er byggir á sameiginlegum reglum og sömu samkeppnisskilyrðum, frelsi til vöruflutninga, fólksflutninga, þjónustustarfsemi og fjármagnsflutninga var lögð áhersla á að styrkja og auka samvinnu í jaðarmálum og tengdum málum. Þessari samvinnu var m.a. ætlað að stuðla að samræmdri þróun á Evrópska efnahagssvæðinu og draga úr efnahagslegu og félagslegu misræmi milli svæða. Jafnframt er það skýr vilji með ESS-samningnum að honum sé ætlað að tryggja efnahagslegar og félagslegar framfarir, skapa skilyrði fyrir fullri atvinnu, bættum lífskjörum og bættum starfsskilyrðum á Evrópska efnahagssvæðinu.

Mikilvægur þáttur í efnahagslegri samvinnu Evrópu liggur í byggða- og uppbyggingarmálum. Byggðastyrkjum Evrópusambandsins er ætlað að stuðla að efnahagslegum og félagslegum jöfnuði á milli ólíkra svæða Evrópu og eflingu sjálfbærs hagvaxtar viðkomandi svæða. Sameiginlegar reglur gilda um byggðastyrki og komið hefur verið á fót sameiginlegum sjóðum og framkvæmdaáætlunum til að vinna að markmiðum byggðastefnunnar.

### 4.1.2. Byggðastyrkir þó utan EES-samningsins

Þrátt fyrir ákvæði EES-samningsins um vilja til að draga úr efnahagslegu og félagslegu misræmi milli svæða eru byggðamál formlega utan samningsins. Því eiga íslenskir aðilar ekki rétt á framlögum úr byggða- og uppbyggingarsjóðum sambandsins á grundvelli EES.

Hins vegar eru nokkur af byggðaverkefnum ESB opin löndum sem liggja að ESB ef þau eru tilbúin til að greiða sjálf þann kostnað sem leiðir af þátttöku. Þannig var Íslandi og Noregi, sem EFTA-þjóðum, boðin þátttaka í Norðurslóðaáætlun sem fellur innan ramma Interreg áætlunarinnar. Þetta er eina beina aðkoma Íslendinga að byggðaáætlun Evrópusambandsins.

### 4.1.3. Almennt gildi

Íslendingar lifa í alþjóðlegu umhverfi, fjarlægðir verða stöðugt minni og þjóðarafkoma verður æ samofnari alþjóðavæðingunni og atvikum sem við ráðum ekki við. Virk alþjóðapátttaka fólks, fyrirtækja og stofnana er okkur þannig nauðsyn og markmið í sjálfu sér, ekki síst á sviði byggðamála.

Þátttaka í Norðurslóðaáætluninni er í anda ákvæða EES-samningsins um að draga úr efnahagslegu og félagslegu misræmi milli svæða. Allstór hluti í starfsemi Evrópusamstarfsins liggur í framangreindum uppbyggingarverkefnum og sjóðum. Áætlunin og þátttaka Íslendinga í henni er okkur því mikilvæg sem gluggi inn í þá samvinnu. Með samstarfinu er hægt að afla mikilvægrar þekkingar á sviði byggðamála og átta sig á hvað hefur gefist vel og hvað illa.

Aðgerðir í byggðamálum eru ekki sér íslenskt fyrirbrigði og hafa flest Evrópuríkin fengist við byggðavanda að einhverju leyti enda tekur enginn málaflökkur til sín stærri hluta af fjárlögum Evrópusambandsins en byggðamálin, að landbúnaðarmálum einum undanskildum. Tækni- og þekkingaryfirfærsla á sviði byggðamála frá Evrópu er þar af leiðandi nokkuð sem meta verður mikils.

Jafnframt ber að geta þess að byggðamál eru einnig samofin skipulagsmálum innan ESB þar sem fólksflutningur á milli svæða snertir verulega skipulags- og efnahagsmál viðkomandi svæða.

---

„Almennt er verkefnið „Rural Business Women“ þarft því áherslur atvinnuþróunarfélaga, Impru og annarra stöðstofnana atvinnulífs á landsbyggðinni, eru ansi oft fjarri konum og þeirra þörfum.“

***Bjarnheiður Jóhannsdóttir, Rural Business Women.***

---

#### **4.1.4. Gildi fyrir Byggðastofnun**

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni. Stofnunin undirbýr, skipuleggur og fjármagnar verkefni og veitir lán með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi.

Ein leiðin til að sinna þessu hlutverki er að leita eftir samstarfi á erlendum vettvangi sem gæti fullnægt þeim markmiðum sem talin eru upp og þá sérstaklega þeim markmiðum sem snúa að atvinnustigi og nýsköpun.

Erlendum samskiptum Byggðastofnunar má skipta í þrennt. Í fyrsta lagi þátttaka í norrænu samstarfi fyrir hönd iðnaðarráðuneytisins, í öðru lagi rekstur skrifstofa NPP og NORA á Íslandi (Norræna Atlantsnefndin sem heyrir undir Norrænu ráðherranefndina) og í þriðja lagi aðild að samstarfsverkefnum á vegum NPP og bein þátttaka í rannsóknarverkefnum fyrir Íslands hönd.

Það skiptir Byggðastofnun miklu að taka virkan þátt í erlendu samstarfi og þá sérstaklega með Evrópuþjóðum. Slíkt samstarf gefur möguleika til að kynnast nýjum aðferðum, mynda tengsl við erlenda sérfræðinga á þessum sviðum og miðla þeirri reynslu hér á landi.

Þessir þættir hafa gert það að verkum að forsvarsmönnum Byggðastofnunar er mjög í mun að halda hvers kyns alþjóðasamstarfi áfram og efla það fremur en draga úr.

Forsvarsmenn Byggðastofnunar telja að almennt séð hafi þátttaka Íslands í áætluninni verið vel heppnuð og að verkefni hafi skilað tilætluðum árangri, að undanskildum fáeinum tilfellum. Stofnunin hafi fengið jákvæð viðbrögð frá þátttakendum og að þættir eins og tengslamyndun hafi haft jákvæð áhrif á atvinnulíf á landsbyggðinni.

Talsmenn stofnunarinnar viðurkenna að mikil skriffræðing hafi einkennt verkefnavinnu og að skrifræðið í tengslum við verkefni NPP sé jafnvel umfangsmeira en í tengslum við önnur alþjóðleg verkefni en nefna þó að ákvæði um skýrsluskil hvetji einnig til agaðri vinnubragða. Að þeirra mati sé kerfið skilvirkt þegar upplýsingar og skjöl séu rétt og berist tímanlega.

Að sögn forsvarsmanna Byggðastofnunar er stefnt að því að þáttur stofnunarinnar verði meiri í verkefnum á borð við verkefni NPP og að þátttaka Íslands í Norðurslóðaáætlun verði fastur hluti af byggðaáætlun.

## „Snow Magic“: Töfrandi snjókarlar í Mývatnssveit

Á síðasta ári urðu margir ferðamenn vitni að afar óvenjulegri sýn við Mývatn í Þingeyjarsýslu: Þrír risavaxnir snjókarlar, íklæddir treflum í íslensku, sænsku og finnsku fánalitunum, horfðu í rólegheitum út yfir ísilagt vatnið. Staðsetning og stærð snjókarlanna þriggja átti sér þó eðlilegar skýringar. Bygging karlanna var hluti af „Snow Magic“-verkefninu sem Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga (AP) er að vinna að, ásamt sveitarfélögunum Sorsele í Svíþjóð og Rovaniemi í Finnlandi. Tilgangur verkefnisins, skv. Gunnari Jóhannessyni verkefnisstjóra hjá AP, er að þróa og markaðssetja afþreyingu sem byggir á vetraraðstæðum með einum eða öðrum hætti.

### Fjölgun ferðamanna og lengri dvalartími

Þau viðfangsefni, sem snúa að Mývatnssveit í tengslum við „Snow Magic“ eru helst á sviði ferðapjónustu og ber stofnun „Arctic Garden“ þar einna hæst. Markmiðið með starfsemi „Arctic Garden“ er að lengja dvöl gesta á svæðinu yfir vetrartímann og fjölga ferðamönnum. Slíkt myndi leiða til fjölgunar starfa og hjálpa til við að styrkja fyrirtæki við Mývatn sem aftur myndi vinna gegn áhrifum af lokun Kísiliðjunnar á þessu ári.

Verkefnið er til þriggja ára og fær 55 þúsund evrur í styrk frá NPP (u.þ.b. 4,3 milljónir ísl. kr.) en Íslendingar leggja til 112 þúsund evrur á móti (u.þ.b. 8,7 milljónir ísl. kr.). Gunnar segir að vel hafi gengið að fjármagna hlut Íslendinga en grundvallaratriði var að fá 3 milljón króna vilyrði frá Bygðastofnun. Hefði slíkt vilyrði ekki komið til er ólíklegt að ráðist hefði verið í verkefnið.

### Mikilvægi Norðurslóðaáætlunar

Gunnar telur mjög mikilvægt að Ísland taki áfram þátt í NPP eða slíkum áætlunum. „Ég tel jafnframt mikilvægt að það sé horft á þetta sem tækifæri m.a. í byggðamálum og slíkt samstarf ætti því hiklaust að vera sérstakur liður inni á næstu byggðaáætlun ríkisstjórnar. Jafnframt þarf að huga að því að aðilar velji vel verkefni því þetta kostar verulega vinnu og orku sé ætlast til þess að árangur náist. Enn fremur þarf fjármagn að vera nægilegt til þess að íslenskir aðilar geti tekið af fullum krafti þátt í slíkum alþjóðaverkefnum til jafns við aðra.“

#### 4.1.5. Gildi fyrir íslenska þátttakendur

Þó að þátttaka Íslendinga í Interreg-áætluninni hafi mikla þýðingu, bæði almennt og fyrir Bygðastofnun, skiptir líklega mestu máli hvaða þýðingu þátttakan hefur fyrir þá einstaklinga, fyrirtæki, félagasamtök og stofnanir sem koma að verkefnum Interreg hér á landi.

Flestir viðmælendur könnunar IMG og Bygðastofnunar nefndu yfirfærslu tæknikunnáttu og þekkingar sem helstu kosti við verkefni af því tagi sem hér um ræðir. Þá voru tengslanet og myndun persónulegra tengsla við erlenda sérfræðinga mörgum stjórnendum ofarlega í huga, sérstaklega þegar kom að möguleikunum á frekara samstarfi eftir að verkefnið renna sitt skeið sitt á enda.

Það er líklega einn af mikilvægustu þáttum Norðurslóðaáætlunarinnar að ryðja brautina fyrir önnur verkefni sem í kjölfarið geta lifað á sjálfbærán hátt, án aðstoðar NPP. Dæmi um þetta má glögg sjá í verkefnum sem tengjast ferðamennsku.

Annar stór ávinningur af vinnslu verkefna NPP, að mati stjórnenda verkefna, var aukið samstarf aðila á þeim svæðum innanlands sem unnu að verkefnum. Slíkt samstarf gat til að mynda

stuðlað að miðlun þekkingar og kunnáttu milli svæða, gert þátttakendur meðvitaðri um eigin styrkleika og veikleika og aukið staðbundna þekkingu.

### YEF: Frumkvöðlakraftur ungs fólks

Verkefnið „YEF – Youth Entrepreneur Factory“, sem mætti útleggja „Frumkvöðlasmiðja ungs fólks“ á íslensku, á að örva frumkvöðlakraft ungs fólks á aldrinum 16 til 25 ára á landsbyggðarsvæðum. Björn Gíslason og Bryndís Haraldsdóttir, verkefnisstjórar hjá Impru, komu að verkefninu héraendis en auk Impru komu Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) og Frumkvöðlafræðslan einnig að verkefninu.

Verkefnið byggist á stuttum námskeiðum sem unnin voru í samstarfi við atvinnuþróunarfélög vítt og breitt um landið. Námskeiðunum er ætlað að leysa sköpunargáfu unga fólksins úr læðingi og fá fram umræðu um viðskiptahugmyndir, stjórnun, leiðtogaþæfni o.fl.

#### Svipuð vandamál

Að sögn Björns blasir sama vandamál við íslensku dreifbýli og dreifbýli í hinum þáttökulöndunum, þ.e. flótti ungs fólks úr dreifbýli. „Námskeið líkt og þetta, þar sem ungu fólki er hjálpað að sjá möguleika í því að búa úti á landi, er mikilvægt í byggðapróunarlegu tilliti.“

Impra og SSV komust á snoðir um verkefnið, sem á upphaf sitt að rekja til Skotlands, í framhaldi af verkefnastefnumóti sem haldið var í Svartsengi 2002. Byggðastofnun aðstoðaði þátttakendur í umsóknarferlinu og kom að fjármögnun mótframlags en erfiðlega reyndist að fjármagna íslenska hlutann. Aftur á móti tók mjög langan tíma að fá svar frá stofnuninni varðandi styrkbeiðni frá þátttakendum og tafði það framkvæmdina á verkefninu nokkuð. Að mati Björns mætti því bæta þennan þátt í þjónustu Byggðastofnunar við verkefni á vegum NPP.

Verkefnið hefur gengið vel hér á landi og hafa um 50 nemendur sótt námskeiðin það sem af er. Undir lokin verður reynsla landanna, sem þátt tóku í verkefninu, borin saman og reynt að draga lærdóm af því hvaða verkefni eða aðferðir nýtast best.



Tafla 4.1 Gildi verkefna NPP fyrir Ísland

Gildi	Almennt	Byggðastofnun	Þátttakendur
<b>Efnahagslegur ávinningur</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Aukið flæði þekkingar og fjármagns inn í hagkerfið í tengslum við verkefni.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Á ekki við.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Verkefni eru atvinnuskapandi.</li> <li>Viðskipti við fyrirtæki á svæðunum.</li> </ul>
<b>Samstarf og samvinna</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Þátttaka landsbyggðarinnar í alþjóðlegum verkefnum.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Aukið alþjóðasamstarf.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Aukið samstarf fyrirtækja og stofnana á mismunandi svæðum.</li> <li>Aukið sjálfstraust fólks á svæðunum.</li> </ul>
<b>Uppbygging tengslaneta</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Líkur á að fyrirtæki og einstaklingar geti aukið hag sinn í gegnum alþjóðleg tengslanet.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Myndun persónulegra tengsla innanlands sem utan sem getur leitt af sér frekara samstarf.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Myndun persónulegra tengsla innanlands sem utan sem getur leitt af sér frekara samstarf.</li> </ul>
<b>Yfirlýsing tækniþekkingar</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Samfélagið eflist eftir því sem þekking og kunnátta starfsfólks eykst.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Starfsmenn öðlast þekkingu á nýjustu vinnuaðferðum erlendis.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Starfsmenn öðlast þekkingu á nýjustu vinnuaðferðum erlendis.</li> </ul>
<b>Yfirlýsing annarrar þekkingar</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Samfélagið eflist eftir því sem þekking og kunnátta starfsfólks eykst.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Meiri reynsla af vinnslu verkefna.</li> <li>Aukin þekking á starfsemi alþjóðastofnana.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Aukin kunnátta hvað varðar markaðssetningu og kynningu.</li> </ul>





## 5. Árangur Íslendinga af þátttöku í Norðurslóðaáætluninni

Helsti mælikvarði á árangur af þátttöku Íslands í Norðurslóðaáætluninni er fjöldi þátttakenda af landsbyggðinni sem og árangur af verkefnum, sbr. markmið með þátttöku í áætluninni. Fjöldi verkefna hér á landi og fjöldi þátttakenda í Norðurslóðaáætluninni er þar af leiðandi sá mælikvarði sem eðlilegast er að miða við þó að fleiri þættir skipti einnig máli í þessu sambandi eins og árangur verkefna.

### 5.1.1. Fjöldi verkefna

Alls eru 27 verkefni sem eru, og hafa verið, starfrækt hérlendis á vegum Norðurslóðaáætlunarinnar. Þar af er tveimur verkefnum lokið. Tímalega stöðu verkefna má sjá á mynd 6.1. Fjöldi verkefna er nokkru meiri en búist var við í upphafi og má ástæðuna helst rekja til verkefnastefnumóts sem haldið var í Svartsengi á árinu 2002.

Af verkefnum 27 eru sex verkefni unnin í tengslum við áherslu 1, þ.e. samgöngur og fjarskipti, sextán verkefni eru unnin í tengslum við áherslu 2, atvinnuþróun, og fimm verkefni í tengslum við áherslu 3, eflingu samfélaga. Nánari skiptingu verkefna eftir átaki er á finna í töflu 5.1.


Í viðauka er að finna yfirlit yfir öll verkefni, nánari lýsingu og flokkun þeirra.

---

„Verkefni „External Timber Cladding“ gæti orðið kveikja að öðrum verkefnum. Við höfum kynnst vel starfsemi erlendra aðila og myndað mikilvæg persónuleg tengsl við stjórnendur sem að mínu mati verður vart metið til fjár.“

**Jón Sigurjónsson, External Timber Cladding.**


---



**Tafla 5.1 Verkefni flokkuð eftir áherslum og átaki**

		Fjöldi	Hlutfall
Áhersla 1	Átak 1.1	3	50%
	Átak 1.2	3	50%
	<b>Samtals</b>	<b>6</b>	
Áhersla 2	Átak 2.1	11	69%
	Átak 2.2	5	31%
	<b>Samtals</b>	<b>16</b>	
Áhersla 3	Átak 3.1	1	20%
	Átak 3.2	4	80%
	<b>Samtals</b>	<b>5</b>	

**Mynd 5.1 Verkefni flokkuð eftir áherslum (fjöldi og hlutfall)**



### 5.1.2. Fjöldi umsækjenda héraendis

Alls eru 45 umsækjendur í 27 verkefnum hér á landi en fleiri fyrirtæki, stofnanir og einstaklingar hafa í raun komið að verkefnum með því að leggja fram efni, vinnu og fjármagn.

Upptalningu á þátttakendum í verkefnum NPP má sjá í viðauka. Vert að skoða þann „óbeina“ fjölda sem komið hefur að verkefnum NPP á Íslandi með einum eða öðrum hætti, svo sem starfsmenn, sjálfboðaliðar, þátttakendur á námskeiðum o.s.frv. Fjöldi allra þátttakenda í verkefnum NPP er gefinn í töflu 5.2 og má sjá að þátttakendur eru allt frá 350 niður í 4 enda viðfang verkefna misjafnt og þau mislangt á veg komin. Áætlaður fjöldi allra þátttakenda hér á landi er tæplega 2.500.

Bent skal á að fjöldi umsækjenda, raðað eftir verkefnum, er samtals 52 en fjöldi íslenskra umsækjenda er í raun 45. Skýringin liggur í því að í nokkrum tilvikum er sami aðili umsækjandi í fleiri en einni umsókn (sjá viðauka 8.5).

**Tafla 5.2 Fjöldi umsækjenda og þátttakenda í verkefnum NPP á Íslandi**

<b>Verkefni</b>	<b>Fjöldi umsækjenda frá Íslandi</b>	<b>Heildarfjöldi íslenskra þátttakenda</b>
ATSRUAR	1	300
BIRRA	6	350
Brandr	1	200
CLN-NPA II	1	20
Deserve	1	40
Eco House North	1	5
Elav	1	10
External Timber Cladding	1	4
i2i	1	4
Nature Based tourism	1	16
NEST	3	300
Norce	4	50
NorthCod	1	15
Northern Maritime Corridor	1	10
Northern Wood Heat	3	240
Outdoor and Recreational Food	1	7
RUBIES	2	50
Rural Business Women	2	110
Safety at Sea	3	5
Sagalands	7	150
SCRI in Action	1	5
Siblarch	1	5
Small Town Networks	1	10
Snow magic	1	300
Spatial North	2	200
USEVENUE	2	50
YEF	2	5
<b>27 verkefni alls</b>	<b>52</b>	<b>2.461</b>

### 5.1.3. Þátttaka eftir uppruna

Á mynd 5.2 er brugðið upp fjölda þátttakenda eftir uppruna. Meginmarkmiðið með þátttöku Íslands í Norðurslóðaáætluninni var að auka þátt sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja á landsbyggðinni í alþjóðlegu samstarfi. Ef horft er til þess fjölda sem tekur þátt í þeim 27 verkefnum sem unnin eru á vegum NPP er ljóst að vel hefur tekist að virkja atvinnuþróunarfélög, ríkisfyrirtæki, sveitarfélög og rannsóknarstofnanir til þátttöku.

Af 52 formlegum umsækjendum að verkefnum teljast einungis sjö koma úr einkageiranum. Hafa þeir í huga að hér er verið að telja aðila sem tóku þátt í undirbúningi verkefnis, umsóknarferli og fjármögnun. Ekki er tekið tillit til þess mikla fjölda aðila, opinberra sem einkafyrirtækja, sem koma að verkefnunum með einum eða öðrum hætti eftir að vinna við framkvæmd hefur hafist (sjá töflu 5.2 Fjöldi umsækjenda og þátttakenda í verkefnum NPP á Íslandi).

Tölurnar gefa samt til kynna að leita þarf leiða til að fjölga þátttakendum úr atvinnulífinu og þá sérstaklega fyrirtækjum sem starfandi eru á landsbyggðinni.


#### 5.1.4. Árangur frændþjóða

Það hefur oft reynst vel að horfa til nágrannaþjóða okkar. Það á einnig við þegar meta á það samstarf er liggur í Interreg. Norðmenn, sem eru að nokkru á sömu forsendum og Íslendingar í Interreg samstarfinu vegna EES-samningsins, telja árangur af þátttöku góðan.

Í norsku skýrslunni „Europapolitisk plattform – Samarbeid med regionale og lokale myndigheter“ frá 2003, er fjallar um samstarf milli ríkis og sveitarfélaga í Evrópu, kemur fram að þátttakan í Interreg hafi verið árangursrík. Hún hafi m.a. leitt til aukinnar þekkingar á héraðavísu og eru flest norsk fylki búin að þróa stefnu í alþjóðamálum og aðgerðaáætlun vegna þátttökkunnar í Interreg.

Kommunal- og regionaldepartementet í Noregi telur að almennt séð hafi þátttaka í Interreg skapað meiri þekkingu, búið til ný samskiptamynstur, ný tengslanet og í sumum tilfellum nýja markaði. Interreg sé þar af leiðandi að verða æ mikilvægari þáttur í starfi sveitarfélaga á landsbyggðinni. (Interreg. EU-program for grenseoverskridende regionalt samarbeid. Maí 2005.)

Mynd 5.2 Fjöldi umsækjenda (fjöldi og hlutfall)



#### 5.1.5. Ný tengsl og tækifæri innanlands sem utan

Samkvæmt þátttakendum og forsvarsmönnum áætlunarinnar hér á landi er hægt að taka í sama streng og Norðmenn. Mörg verkefnanna hafa leitt af sér tengsl og samstarf svæða eða sveitarfélaga. Þetta á einnig við um tengsl stofnana sem sameiginlega taka þátt í verkefnum en hafa kannski átt takmarkað samstarf fyrr. Á það jafnt við innanlands sem utan. Verkefni áætlunarinnar hafa þannig skapað ný tengsl og samstarfsnet við nálæg lönd.

En þekking, tengsl og samstarf hefur einnig aukist innanlands. Þannig hefur t.d. Byggðastofnun átt í samstarfi við háskóla, rannsóknarsetur, fyrirtæki og stofnanir á landsbyggðinni. Áætlunin hefur einnig skapað tengsl stofnana á höfuðborgarsvæðinu sem hafa verið að leita eftir samstarfsvettvangi á landsbyggðinni. Á það hefur verið bent að ástæða þess að starf þeirra takmarkast oft við höfuðborgarsvæðið sé ekki áhugaleysi fyrir málefnum landsbyggðarinnar heldur skortur á tækifærum til samstarfs.

### 5.1.6. Samanburður við aðrar þjóðir góður

Það er athyglisvert að skoða þátttöku Íslendinga í Norðurslóðaáætluninni í samanburði við þátttöku annarra ríkja. Í töflu 5.3 er þátttaka skoðuð eftir löndum, þ.e. eftir fjölda verkefna, fjölda verkefnisstjóra („Leader“) og fjölda umsækjenda. Hafa ber í huga við þennan samanburð að Svíþjóð, Skotland, Finnland og Noregur hafa verið lengur þátttakendur í Norðurslóðaáætluninni en hin ríkin og því ættu þau að hafa náð að kynna hana mun betur en þau ríki sem nýlega eru komin inn í áætlunina.

Þrátt fyrir þetta ættu Íslendingar að geta harla vel við unað. Ef þátttaka í Norðurslóðaáætluninni er mælikvarði á árangur mældur í þátttöku er hann afar góður.

**Tafla 5.3 Þátttaka eftir löndum: Fjöldi verkefna, verkefnastjórnun [„Leader“] og fjöldi umsækjenda**

Land	Þátttaka í fjölda verkefna	Hlutfall heildarfjölda verkefna	Verkefnastjórnun „Leader“ í fjölda verkefna	Hlutfall heildarfjölda „Leader“	Fjöldi þátttakenda samkvæmt umsóknum
Svíþjóð	39	87%	12	27%	69
Skotland	33	73%	14	31%	84
Finland	30	67%	11	24%	79
<b>Ísland</b>	<b>27</b>	<b>60%</b>	<b>4</b>	<b>9%</b>	<b>49</b>
Noregur	27	60%	4	9%	60
Færeyjar	8	18%	0	0%	14
Grænland	8	18%	0	0%	14
Aðrir *	5	11%	0	0%	8
<i>* Rússland, Alaska og Kanada</i>		<b>ALLS:</b>	<b>45</b>		<b>377</b>



### 5.1.7. Nýting og endurgjöf fjármagns


Íslendingar horfa gjarnan til þess fjármagns sem lagt er til alþjóðlegra samstarfsverkefna og þess er skilar sér til baka. Þetta er auðvitað afar hæpin viðmiðun enda ekki meginmarkmiðið að safna peningum heldur að afrakstur verkefnanna sjálfra náí tilgreindum mælanlegum árangri. Engu að síður er fróðlegt að bregða slíkri mynd upp.

Á myndinni er brugðið upp því framlagi sem stjórnvöld hafa lagt til áætlunarinnar, eða 108 milljónir króna. Því næst er sýndur heildarkostnaður við íslenskan hluta verkefnanna, eða um 301 milljón króna. Þar á eftir er heildarstyrkur NPP til verkefna með þátttöku Íslendinga en hann hljóðar upp á 1.344 milljónir króna. Að lokum gefur græni kassinn til kynna heildarkostnað verkefna með þátttöku Íslendinga, en það er samanlagður styrkur NPP og eigin fjármögnun verkefna, upp á 2.388 milljónir króna..

Það fjármagn, sem stjórnvöld verja til NPP, er þannig hvati til að enn meira fjármagn fái til verkefnanna. Í þessu tilfalli hafa 108 milljónir króna aukist í 2.388 milljónir króna, eða meira en 20-faldast. Slík margföldunaráhrif í fjármögnun verða að teljast afar athyglisverð og góður árangur. Á annan hátt má segja að umræddar 108 milljónir króna séu einungis um 5% af verkefnafjármögnun sem jafnframt verður að teljast eftirtektarvert.

Í viðauka er nánari útfærslu fjármögnunar brugðið upp.

Mynd 5.3 Nýting eða endurgjöf fjármagns





## 6. Hagkvæmni rekstrar Norðurslóðaáætlunar á Íslandi

### 6.1.1. Framkvæmd

Landsskrifstofa NPP er vistuð hjá Byggðastofnun. Starfsmaður Byggðastofnunar (Regional Contact Point, RCP) er tengiliður áætlunarinnar hér á landi og því eins konar framkvæmdaðili hennar.

Hér að neðan eru helstu verkefni Landsskrifstofu NPP vegna NPP talin upp:

**Tafla 6.1 Helstu verkefni Landsskrifstofu NPP á Íslandi**

NPP verkefni	Kynningarmál	Annað
<ul style="list-style-type: none"><li>■ Fylgjast með verkefna-hugmyndum innan NPP.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>■ Miðlun upplýsinga um NPP til fjölmiðla.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>■ Samstarf við stjórn NPP á Íslandi.</li></ul>
<ul style="list-style-type: none"><li>■ Finna íslenska aðila til þátttöku í verkefnum.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>■ Þátttaka í ráðstefnum og fundum í tengslum við NPP.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>■ Hafa yfirsýn yfir innlend og erlend verkefni.</li></ul>
<ul style="list-style-type: none"><li>■ Taka þátt í mótun innlands hluta verkefnanna.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>■ Miðlun upplýsinga um niðurstöður verkefna.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>■ Annast fjárhagslegt uppgjör landsskrifstofunnar hér á landi.</li></ul>
<ul style="list-style-type: none"><li>■ Aðstoða við að ljúka fjármögnun innlands hluta verkefna.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>■ Tengslanet á milli innlendra þátttakenda.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>■ Samstarf við RCP-fulltrúa annarra þáttökulanda.</li></ul>
<ul style="list-style-type: none"><li>■ Vera tengiliður við Aðalskrifstofu NPP.</li></ul>		<ul style="list-style-type: none"><li>■ Fundir og ráðstefnur varðandi framgang áætlunarinnar.</li></ul>



## Að styrkja símenntunarmiðstöðvar á norðurlóð

Sigrún Magnúsdóttir hjá Háskólanum á Akureyri stýrði verkefninu „Community Learning Networks“ (CLN-NPA II) hér á landi á síðasta ári. Sigrún segir að markmiðið með verkefninu hafi verið að styrkja símenntunarmiðstöðvar á norðurlóð: „Verkefnið var í raun fasi II á eldra verkefni og komum við Íslendingar inn í þann fasa. Fyrri verkefnið leiddi í ljós þörf fyrir fræðslu og þjálfun fyrir starfsfólk símenntunarmiðstöðva á sviði fjarkennslu og tölvu- og upplýsingatækni svo að það væri betur í stakk búið til að liðsinna viðskiptavinum sínum við hagnýtingu upplýsingatækni í námi. Því var meginmarkmiðið með fasa II að þróa tvö námskeið og kennsluefni á meistarastigi sem nýta mætti sem hluta af starfsþjálfunarþrógrammi hjá UHI og sem hluta af meistaraprófsnámi háskóla í hinum löndunum. Talið var að þar sem sífellt er lögð meiri áhersla á sí- og endurmenntun innan Evrópulandanna þá væri árangur betur tryggður með samvinnu nokkurra landa um verkefnið.“

### Nýting þekkingar

Vel gekk að fjármagna þátttöku Íslands í verkefninu en Háskólinn á Akureyri sá alfarið um að greiða það sem upp á vantaði, umfram fjárveitingar frá NPP.

Aðspurð um kosti þess að taka þátt í verkefni af þessu tagi segir Sigrún að verkefnið hefði leitt saman aðila sem nýttu saman þekkingu og krafta til að skapa aukin menntunartækifæri fyrir fólk sem starfar að símenntun fyrir fólk sem býr á norðlægum slóðum. „Meðan á vinnu við verkefnið stóð safnaðist saman fólk sem lagði til þekkingu úr sínu vinnu- og námsumhverfi og hún var nýtt til þróunar nýrra námskeiða sem síðan voru boðin fram í þátttökulöndunum. Þannig má segja að aukin þekking hafi orðið til erlendis frá hjá öllum þátttökuaðilum,“ segir Sigrún.

### 6.1.2. Kostnaður Byggðastofnunar

Þátttaka NPP í kostnaði við rekstur landsskrifstofu vegna þátttöku Íslands í NPP er um 16.500 evrur, eða 1,3 milljónir króna, á ári fyrir árin 2005 og 2006 (tafla 6.2). Þessum fjármunum er ætlað að standa undir vinnuframlagi fulltrúa, kynningu og markaðssetningu og ferðakostnaði en ekkert er greitt fyrir kostnað vegna skrifstofuaðstöðu, símnotkunar eða tölvunotkunar. Raunverulegur kostnaður við þátttöku Byggðastofnunar er þó vel umfram það sem NPP leggur til rekstrar landsskrifstofu NPP hér á landi.

Vinnuframlag eða umfang starfsins hefur samhliða fjölgun verkefna vaxið ört. Nauðsynlegt er að hafa í huga að þátttaka Íslands í áætluninni hefur farið hratt vaxandi á tímabilinu og nú eru íslenskir umsækjendur um 50 talsins. Heildarkostnaður verkefna með íslenskri þátttöku er 2.400 milljónir króna og íslenski hluti verkefnanna um 300 milljónir króna.

### 6.1.3. Einungis 0,7 stöðugildi

Stofnunin hefur haft einn starfsmann í 70% starfi við að sinna verkefnum í tengslum við Landsskrifstofu Norðurlóðaáætlunarinnar en að auki hefur einn starfsmaður stofnunarinnar komið að einu verkefni með beinum hætti, séð um bókhald, haldið utan um fjármál o.þ.h. Umsýsla og kostnaður við stjórnun verður þó að teljast vera með minnsta móti að teknu tilliti til fjölda verkefna á vegum áætlunarinnar hér á landi og heildarfjárhæð fjáframlaga.

Að mati IMG þyrfti að lágmarki að gera ráð fyrir einu stöðugildi til að halda um áætlunina og síðan hlutastarfi til viðbótar þegar álag er hvað mest, þ.e. í umsóknarferli áætlunarinnar. Einnig þyrfti að gefa öðrum þáttum meiri gaum. Mikilvægust þar eru kynningarmál og sýnileiki verkefna, aðstoð við yfirfærslu þekkingar og miðlun upplýsinga frá verkefnum og tengsl við aðrar áætlanir Evrópusambandsins og aðra styrktarsjóði, t.d. Norðurlanda.

**Tafla 6.2 Áætlað framlag frá NPP til Byggðastofnunar vegna rekstrar landsskrifstofu á Íslandi**

<b>Ár</b>	<b>þús. kr.</b>
2002	1.860
2003	1.118
2004	1.055
2005	1.295
2006	1.295
<b>Samtals</b>	<b>6.624</b>

#### **6.1.4. Samstarf við aðrar áætlanir**

Reynsla af framkvæmd annarra samstarfsáætlana ESB hér á landi sýnir fram á mikilvægi þess að umsjónarmanni áætlunarinnar verði gert kleift að kynna sér þær áætlanir sem eru í gangi innan Evrópusambandsins og sem í mörgum tilvikum skarast við NPP.

Til er samstarfsnet landsskrifstofa Evrópuáætlana og verkefna á Íslandi og mikilvægt að starfsmaður áætlunarinnar taki þátt í því. Þannig sé starfsmanni kunnugt um þau verkefni sem er verið að vinna að, t.d. á verkefnasviði Leonardó áætlunarinnar eða Youth áætlunarinnar en mörg þeirra geta haft tilvísun til byggðamála.

Þetta er í samræmi við þá gagnrýni sem þátttakendur verkefna setja fram á framkvæmd áætlunarinnar hér á landi. Að því er vikið síðar.

#### **6.1.5. Þátttaka Byggðastofnunar í verkefnum**

Þáttur Byggðastofnunar í NPP einskorðast ekki við að reka landsskrifstofu NPP hér á landi. Byggðastofnun er sjálf umsækjandi í 3 verkefnum af 27 verkefnum sem hafa íslenska þátttöku, auk þess sem hún hefur komið að hluta fjármögnunar 10 verkefna til viðbótar. Í mörgum tilvikum var um að ræða fjármögnun sem reyndist afgerandi í framkvæmd umræddra verkefna.

Í töflu 6.3 eru talin upp öll þau 13 verkefni sem stofnunin hefur fjármagnað að hluta (verkefni með beinni þátttöku feitletruð).

**Tafla 6.3 Þátttaka og framlag Byggðastofnunar til NPP-verkefna**

**Verkefni**

YEF – Youth Entrepreneurship Factory  
Brandr – Development by branding the Trade Mark  
Rubies – Rural Business Information exchange System

**Deserve**

**Upplýsingatækni í dreifbýli, Birra**

Nature Based Tourism  
Strandmenning, Norce  
Þjóðgarðar og sjálfbær þróun svæða  
Northern Wood fuel supply chain  
Integrate to Innovate

**Spatial Planning**


Usevenue  
Snow Magic

---


**Heildarframlag Byggðastofnunar til NPP verkefna er 36,5 milljónir**

---

**Mynd 6.1 Heildarkostnaður verkefna NPP sem unnin eru með þátttöku Íslands**



**Mynd 6.2 Kostnaður við íslenskan hluta verkefna**



#### 6.1.6. Fjárhagslegt umfang NPP

Fjárhagslegt umfang þeirra verkefna NPP, sem unnin eru með þátttöku Íslands, nemur rúmum 30 milljónum evra eða 2,4 milljörðum íslenskra króna. Um 18% fjárhæðarinnar eru vegna verkefna í áherslu 1 (samgöngu- og fjarskiptamál), 58% vegna áherslu 2 (atvinnuþróun) og afgangurinn, 24%, vegna áherslu 3 (eflingar samfélaga).

13% af heildarfjárhæðinni eru vegna íslenska hlutans, eða rúmlega 300 milljónir króna. Af þeirri fjárhæð er rúmur þriðjungur, 107 milljónir króna. eða 35%, fjármagnaður með styrk frá NPP en afganginn, 194 milljónir króna. Þ.e. 65%, þarf að fjármagna með öðrum hætti.


#### 6.1.7. Meirihluti til atvinnuþróunarverkefna

Bróðurparturinn af styrkjum NPP til Íslands hefur runnið til atvinnuþróunarverkefna (áhersla 2), eða 65%, á meðan 20% renna til verkefna í samgöngumálum og upplýsingatækni (áhersla 1) og 15% til eflingar samfélaga (áhersla 3).


Sé litið til skiptingar milli fjármögnunar frá NPP annars vegar og eigin fjármögnunar hins vegar, vegna vinnu við verkefni hér á landi, kemur í ljós að hlutföllin fyrir áherslu 1 og 2 eru nánast þau sömu, eða 36/64, á meðan fjármögnun NPP vegna verkefna í áherslu 3 er heldur minni, eða 32% (sjá mynd 6.5). Í þessu sambandi er einnig áhugavert að skoða mynd 4.2 sem sýnir að einungis tæplega 17% af heildarkostnaði verkefna í áherslu 3 falla til á Íslandi þó að 24% af heildarkostnaðinum renni til verkefna í þessum áhersluflokki (mynd 6.3).



**Mynd 6.3 Skipting heildarkostnaðar þeirra verkefna er Íslendingar taka þátt í**




**Mynd 6.4 Hlutfallsleg skipting styrkja NPP til verkefna á Íslandi eftir áherslum**



Þegar horft er til þess að framlag NPP til verkefna á Íslandi er að jafnaði um 32- 6% er mikilvægt að hafa í huga að ESB-lönd hafa sjálf sett sér hámark á fjármögnun við 70% þegar litið er til þátttöku í einstökum verkefnum. Á Íslandi hefur verið sett hámark við 50% fjármögnun NPP, eða að hámarki 70 þúsund evrur. Að því leyti hafa fjármunir nýst vel til verkefnasköpunar hér á landi.



**Mynd 6.5 Skipting fjármögnunar verkefna eftir áherslum á Íslandi**



### Fósturlandsins freyjur og arðbær nýting náttúruauðlinda

Finnar eru lagnir við að nýta náttúruna til að framleiða afurðir fyrir neytendur sem sýnir sig best í geysiöflugri timbur- og pappírsframleiðslu þessarar frændþjóðar okkar. Það þarf því ekki að koma á óvart að verkefnið „Rural Business Women“, sem snýst um að gera náttúruauðlindir að viðskiptatækifærum, skuli vera runnið undan rifjum finnskrar konu, Minnu Kommulainen að nafni.

Á Íslandi hefur verkefnið fengið heitið „Fósturlandsins freyjur“ og hér á landi hafa þátttakendur einbeitt sér að því að nýta jurtir til framleiðslu og markaðssetningar á ýmsum vörum. Bjarnheiður Jóhannsdóttir, atvinnu- og jafnréttisráðgjafi hjá Byggðastofnun, er starfsmaður verkefnisins hér á landi og segir hún markmiðið með verkefninu vera að „... aðstoða konur við að afla sér þeirrar þekkingar, fjármagns, sérfræðiaðstoðar og tengsla sem þarf til að gera atvinnurekstur á sviði náttúruauðlinda arðbæran.“

#### Sjötíu konur á námskeið

Bjarnheiður telur verkefnið mjög gagnlegt fyrir konur í dreifbýli og hafa 70 konur nú þegar sótt námskeið Byggðastofnunar og Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands í tengslum við verkefnið.

Fjárhagsáætlun verkefnisins hljóðar upp á tæplega 80 milljónir króna og af þeirri fjárhæð er íslenski hlutinn 15 milljónir króna sem dreifist á þrjú ár. Þó að fjármögnun verkefnisins hafi gengið snurðulaust fyrir sig er Bjarnheiður samt ósátt við þann mikla tíma sem fer í skýrslugerð vegna verkefnisins. „Það þarf að skýra og einfalda öll pappíraskil þannig að minni vinna liggi á bak við þau og minni hætta sé á mistökum. Einnig væri til bóta að fá kostnað greiddan með skjótvirkari hætti en nú er.“

#### Gagnrýni: pappíraskil og seinvirk greiðslukerfi

Bjarnheiður segir samt að samstarf verkefnisstjóra og fjármáladeildar Byggðastofnunar, sem sér um bókhald verkefnisins, hafi verið gott og að reynslan af verkefninu hafi leitt til aukinnar þekkingar og aukins upplýsingaflæðis milli landa. En pappíraskil og seinvirk greiðslukerfi NPP hafi sett mark sitt á verkefnið. Að hennar mati þarf bæði að skýra og einfalda öll pappíraskil þannig að minni vinnu þurfi til að sinna þeim og unnt sé að draga úr mistökum sem og flýta greiðslum frá aðalskrifstofu eftir að bókhaldi hafi verið skilað inn.

### 6.1.8. Skilvirkni

Skilvirkni er í flestum tilfellum skilgreind sem hlutfallið á milli framlags, t.d. fjárhagslegra útláta, og niðurstöðu, þ.e. útkomu úr verkefni. Þetta getur t.a.m. átt við um atvinnusköpun, einföldun á framleiðsluferli eða nýja og bætta þjónustu við viðskiptavin.

Meginmarkmið NPP er að stuðla að eflingu samstarfs svæða og byggða í mismunandi landshlutum. Skilvirkni í þessu sambandi verður því helst mæld með því að bera saman framlag NPP til verkefna eftir því hversu mörg þáttökulöndin eru og hversu margir þátttakendurnir eru í hverju landi. Við útreikninginn var einvörðungu tekið tillit til kostnaðar við íslenskan hluta verkefnanna.

Tafla 6.4 sýnir annars vegar framlag á verkefni eftir áherslum og meðaltal úr öllum verkefnum og hins vegar framlag á verkefni eftir fjölda þáttökulanda og fjölda þátttakenda. Taflan sýnir glögglega að framlag er ívið meira á verkefni sem flokkast undir áherslu 2 og á þetta bæði við um framlag NPP og eigin fjármögnun. Niðurstaðan er áhugaverð í ljósi þess að opinbert mat á rekstri NPP sýndi þvert á móti að verkefni í áherslum 2 voru með lægri kostnað pr. verkefni en í öðrum áherslum og var sú skýring gefin að mun fleiri verkefni væru í þessum flokki samanborið við aðra flokka. Þetta er reyndar líka raunin á Íslandi en á móti kemur að stærsta verkefnið, sem Íslendingar standa að, er einmitt í flokki 2 og kann það að brengla niðurstöðuna.

Sé litið til framlags á verkefni eftir fjölda þáttökulanda má segja að markmiði áætlunarinnar sé náð hér á landi þar sem framlag til verkefna með fleiri en þrjú þáttökulönd er heldur hærra en til verkefna með þrjú lönd eða færri. Framlag pr. verkefni þar sem þátttakendur frá Íslandi eru tveir eða fleiri er einnig mun hærra en hjá verkefnum þar sem þátttakandinn er einungis einn.

Í töflu 6.5 sést á ný hversu stór hluti framlags NPP hefur hafnað í áhersluflokki 2, þ.e. þrátt fyrir að fjöldi umsækjanda í þeim flokki (aðilar að umsókn) sé mun meiri en í öðrum áherslum er framlag pr. þátttakanda hærra en framlag pr. þátttakanda í næstfjölmennasta áhersluflokknum, áherslu 1. Á móti er hægt að benda á að því fleiri sem þátttakendurnir séu því rökréttara sé að beina fjármunum NPP í þá átt þar sem slíkt samræmist meginmarkmiðum NPP.

**Tafla 6.4 Skilvirkni miðað við fjölda verkefna (í þús. kr.)**

Áherslur	Fjöldi verkefna	NPP framlag pr. verkefni	Eigin fjármögnun pr. verkefni	Samtals
Áhersla 1 Samgöngur og fjarskipti	6	3.611	6.446	10.057
Áhersla 2 Atvinnuþróun	16	4.310	7.572	11.882
Áhersla 3 Efling samfélaga	5	3.192	6.831	10.023
Meðaltal	27	3.948	7.184	11.132
Verkefni með þrjú þáttökulönd eða færri	6	3.553	10.823	14.375
Verkefni með fleiri en þrjú þáttökulönd	21	4.061	9.237	13.298
Verkefni með einn umsækjanda frá Íslandi	16	3.120	5.811	8.931
Verkefni með fleiri en einn umsækjanda frá Íslandi	11	5.151	9.182	14.333

**Tafla 6.5 Skilvirkni miðað við fjölda þátttakenda (í þús. kr.)**

Áherslur	Fjöldi umsækjanda	NPP framlag pr. umsækjanda	Eigin fjármögnun pr. umsækjanda	Samtals
Áhersla 1 Samgöngur og fjarskipti	14	1.548	2.763	4.310
Áhersla 2 Atvinnuþróun	32	2.155	3.786	5.941
Áhersla 3 Efling samfélaga	6	2.660	5.693	8.353
Meðaltal		2.050	3.730	5.780

### 6.1.9. Gagnrýni

Framsetning á áætluninni sjálfri er ekki án gagnrýni. Í sérstakri skýrslu endurskoðenda Evrópusambandsins um Interreg áætlunina frá desember 2004 er það gagnrýnt að markmið áætlunarinnar séu ekki nægilega skýr. Erfitt sé að henda reiður á skýr markmið og að þau eigi sér ekki nægilega stoð í byggðarannsóknum eða stefnumótun vegna þeirra. Þau markmið, sem sett hafi verið, séu of mörg og undirmarkmið oft á tíðum fá. Þær leiðbeiningar, sem framkvæmdastjórnin sendi frá sér um framkvæmd áætlunarinnar, hafi komið of seint og með alltof almenn markmið. [Court of Auditors – Special Report No 4/2004.]

### 6.1.10. Gagnrýni Íslendinga á skrifræði

Sumum Íslendingum kann að þykja umsóknarferli og samskiptaferli við stofnanir áætlunarinnar vera flókin. Þátttaka í alþjóðlegum verkefnum kallar á tímafreka pappírsvinnu þar sem m.a. er verið að leita að upplýsingum til að geta síðar lagt lokamat á áætlunina sjálfa. Síðast en ekki síst er afgreiðsla fjármuna eða styrkjanna sjálfrá flókið verkefni eins og áður er vikið að. Skrifinnaska vegna alþjóðlegra verkefna leggst þó þyngst á smáa aðila, ekki síst í upphafi slíks samstarfs. Aukin sérhæfing og umsjón ráðgjafa á markaðnum með slíkum atriðum ætti að létta smáum aðilum, sem og öðrum, þátttöku í NPP-verkefnum.

Hafa ber í huga að svipuð gagnrýni er uppi um aðrar áætlanir sem Íslendingar taka þátt í á grundvelli EES-samningsins, t.d. Leonardó áætlunin, rammaáætlunin á sviði vísinda og rannsókna o.s.frv. Þetta á sínar skýringar í ofangreindu eftirlitskerfi sem er nauðsynlegt vegna umfangsmikilla fjármuna í styrkjakerfi Evrópusambandsins. Sambærilegar kröfur ef ekki meiri gilda um aðra styrki til alþjóðlegrar samvinnu, t.d. í rannsóknarsamstarfi eða þróunarhjálp á vegum alþjóðastofnana. Skiptir þá litlu hvort horft er vestur um haf eða austur.

Staðreyndin er sú að þátttaka í fjölþjóðlegum verkefnum – og sérstaklega stjórnun slíkra verkefna – kallar á öguð, skýr og ábyrg vinnubrögð. Einungis þannig verður fjölþjóðasamvinna tryggð svo vel sé til langs tíma.

Engu að síður er vert að taka til greina þá gagnrýni sem kemur frá þátttakendum um skrifræði og flókið eftirlitskerfi. Leita verður allra leiða til að einfalda vinnubrögð og skýra betur hvert ferli umsókna og fjármagns er og hve tímafrekt það getur verið.

### 6.1.11. **Gagnrýni frá þátttakendum – Hvað má bæta?**

Sem landsskrifstofa NPP á Íslandi hefur Byggðastofnun leitast við að kynna áætlunina fyrir væntanlegum umsækjendum, veitt aðstoð við gerð umsókna og aðstoðað við fjármögnun ýmissa verkefna, eins og áður segir.

Af viðbrögðum þátttakenda að dæma hefur samstarfið við Byggðastofnun og Aðalskrifstofu NPP almennt verið farsælt. Athugasemdir nokkurra þátttakenda gefa hins vegar til kynna að úrbóta kann að vera þörf í nokkrum veigamiklum þáttum framkvæmdarinnar. Athugasemdunum má gróflega skipta í fimm flokka: skrifræði; greiðslufyrirkomulag; erfiðleika varðandi fjármögnun, þ.e. upphæð styrkja; kynningu og þörf á meiri þekkingu og tíma.

#### ■ **Skrifræði**

Allnokkur fjöldi þátttakenda kvartaði yfir þeirri mikilli skriffinnsku og skýrsluskilum sem fylgdu umsóknum og verkefnum í tengslum við áætlunina. Einhverjum fannst að pappírsskilin væru full ströng og mikil miðað við það fjármagn sem verkefni væru að fá og gekk einn viðmælandi svo langt að segja að yrði ekki breyting á þessu myndi hann ekki hvetja lítil fyrirtæki eða félagasamtök til að taka þátt í NPP-verkefnum. Annar viðmælandi tók ekki svo djúpt í árinna en taldi að vanda þyrfti val á verkefnum mjög vel þar sem vinna í tengslum við verkefnið hafi reynt verulega á aðstandendur og starfsfólk og vísaði til þess að verkefnið hafi fengið lægra framlag frá NPP samanborið við aðra en engu að síður þurft að sinna sömu skýrslugerð og fyrirspurnum frá eftirlitsaðilum og aðrir.

#### ■ **Pungt greiðslufyrirkomulag**

Hvað snerti fjármögnun snerist helsta gagnrýni þátttakenda um þann tíma sem tók að innheimta greiðslur frá skrifstofu MPA í Umea í Svíþjóð. Í a.m.k. tveimur tilvikum höfðu verkefnisstjórar beðið í meira en ár eftir greiðslum fyrir útlögðum kostnaði í tengslum við vinnu, efni og aðföng. Einnig komu fram athugasemdir varðandi greiðslutímabil styrkjanna en sumum fannst að úthluta mætti styrkjunum á skemmri tíma en reglur NPP kváðu á um. Slíkt hefði greitt fyrir framkvæmd verkefnanna og auðveldað stjórnendum og starfsfólki vinnu sína.

#### ■ **Lágar upphæðir styrkja**

Nokkrir þátttakendur gagnrýndu fjárhæð styrkja frá NPP, þ.e. það hámark sem unnt var að fá í einstök verkefni (70.000 evrur, eða 6 milljónir króna, háð 50% mótframlagi þátttakenda). Rök viðmælanda voru á þann veg að umfang undirbúnings og vinnu í tengslum við svo „lága“ fjárhæð væri einfaldlega orðið það mikið að það borgaði sig vart að sækja um styrk til NPP. Í þessu samhengi er vert að hafa í huga að strax í upphafi var fjöldi umsókna og styrkbeiðnir langt umfram það sem ætlað var í upphafi og því var tekin ákvörðun um að setja hámark á styrkveitingar til einstakra verkefna.

#### ■ **Kynningu ábótavant**

Viðmælendur voru margir hverjir á þeirri skoðun að standa mætti betur að kynningu á NPP almennt. Snerist gagnrýnin að nokkru leyti um öflugra upplýsingastreymi um önnur verkefni á vegum NPP, meiri kynningu á möguleikunum sem í boði væru og ríkari kynningu á kerfinu, umsóknarferlinu og stjórnunarlega þættinum.

#### ■ **Aukið samstarf við aðrar áætlanir ESB**

Að mati viðmælanda væri hægt að gera bragarbót á aðgengi upplýsinga um aðrar áætlanir ESB, þ.e. að þátttakendum væri gert kleift að nálgast upplýsingar um þátttöku Íslands í öðrum áætlunum ESB á einum stað.

Tafla 6.6 Samantekin gagnrýni

Gagnrýni	Ábyrgðaraðili
Skrifræði	JPS / PMC
Kynning á NPP og upplýsingastreymi	RCP (Byggðastofnun) / JPS
Skilvirkni varðandi fjármögnun	JPS / RCP / MPA / RAG
Upphæð styrkja	JPS / RAG
Samstarf við aðrar áætlanir	RCP (Byggðastofnun)



## 7. Mat á Norðurslóðaáætlun


### 7.1.1. Fáum verkefnum lokið

Þegar leggja á almennt mat á framkvæmd og þátttöku Íslands í Norðurslóðaáætlun ber að hafa í huga hversu skammt mörg íslensku verkefnanna eru komin. Samkvæmt hefðbundnum reglum verður lagt almennt mat á framkvæmd verkefnisins í lokin.

Einungis tveimur verkefnum er lokið eða er að ljúka nú. Af 27 verkefnum eru síðan 10 verkefni til viðbótar hálfnuð eða meira. Af þessu sökum er settur fyrirvari á að leggja mat á starfsemi áætlunarinnar hér á landi.

Meðfylgjandi er tímaleg staða verkefna áætlunarinnar í ágúst 2005.

**Mynd 7.1 Tímaleg staða NPP-verkefna með þátttöku Íslendinga í ágúst 2005**



### 7.1.2. Skilvirkni og skrifræði

Gagnrýni á skrifræði í tengslum við greiðslur fyrir verkefni var áberandi hjá mörgum þátttakendum í áætluninni hér á landi. Þrátt fyrir að þessi áætlun feli í sér meiri skýrsluskil en aðrar áætlanir sem Byggðastofnun tekur þátt í og að eflaust megi einfalda greiðsluferli og innheimtu ber samt að líta til þess að margir þátttakendur áttu ekki í neinum erfiðleikum með að fá greitt fyrir útlögðum kostnaði.



### 7.1.3. Eðli og markmið þátttöku Íslendinga

Eðli og markmið þeirra verkefna, sem styrkt voru með framlagi frá NPP, voru, eins og gefur að skilja, afar ólík og mismunandi. Flest verkefni áttu það þó sameiginlegt að vilja efla nýsköpun á þeim svæðum sem stóðu að verkefninu, virkja heimamenn og styrkja samfélagið. Þó voru dæmi þess að verkefni, sem hlotið höfðu styrk, hefðu lítið sem ekkert mikilvægi í byggðalegu tilliti og er það umhugsunarefni fyrir þá sem standa að úthlutun styrkja vegna verkefna sem eiga í meginatriðum að koma landsbyggðinni til góða.

Gera verður þá kröfu til þátttöku Íslands í áætluninni að hún sé byggð á skýrum og einföldum markmiðum. Á það skortir nokkuð að mati IMG. Fjöldi þátttakenda á vart að vera meginmarkmiðið.

#### Strandmenning norðurslóða til eflingar ferðapjónustu

Undir merkjum Norce verkefnisins, sem styrkt er af Norðurslóðaáætluninni, vinna strandhémuð við Norður-Atlantshaf og í Helsingjabotni saman að því að kynna strandmenningu sem lið í uppbyggingu ferðapjónustu. Verkefninu er ætlað að leggja grunn að eflingu ferðapjónustu á þessum svæðum, m.a. með því að styðjast við þá menningu, sögu og þekkingu sem fyrir er á svæðunum.

#### Undir íslenskri stjórn

Stjórn verkefnisins er í höndum Íslendinga. Rögnvaldur Guðmundsson hjá Rannsóknnum og ráðgjöf ehf. er verkefnisstjóri hér á landi. Að sögn Rögnvaldar hafa strandsvæðin, sem um ræðir hér á landi, upp á fjölmargt að bjóða: „Þessi svæði geta boðið upp á selaskoðun, hvalaskoðun, fuglaskoðun, gönguferðir og kennslu í bátasmíði og matargerð, svo fátt eitt sé nefnt. Lykilatriði í þessu sambandi er samt að svæðin vinni saman að verkefninu en séu ekki einangruð hvert í sínu horni.“

#### Umfangsmikið verkefni

Norce verkefnið er umfangsmikið en að því koma 17 þátttakendur frá sjö löndum og hljóðar fjárhagsáætlun upp á 1,7 milljónir evra (132,3 milljónir íslenskra króna). Fjórir aðilar koma að verkefninu á Íslandi: Minjasafnið Hnjóti, Byggðasafnið að Reykjum; Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga og Atvinnuþróunarfélag Norðurlands vestra sem er í forsvari.

Íslenski hluti fjárhagsáætlunar Norce nemur 300 þúsund evrum (23,3 milljónum íslenskra króna). „Hins vegar ber að líta til þess að sameiginlegur kostnaður er nærri því 23% af heildinni sem þýðir að u.þ.b. tvisvar sinnum hærri fjárhæð rennur til Íslands sökum þess að Ísland leiðir verkefnið,“ segir Rögnvaldur.

#### Innlegg frá Kanada

Til viðbótar við aukið samstarf mismunandi svæða hefur verið mjög gagnlegt, að mati Rögnvaldar, að vinna með aðilum í ferðapjónustu, m.a. Norrænu. Í því sambandi var afar hjálplegt að fá innlegg frá kanadískum sérfræðingum varðandi markaðssetningu og kynningu á svæðunum fyrir strandferðaskip.

Gert er ráð fyrir að verkefninu, sem hófst í apríl 2004, ljúki formlega í september 2007.

#### **7.1.4. Verkefni falla vel að markmiðum áætlunarinnar sjálfrar**

Áherslur verkefna NPP snúast um þrennt: samgöngur og fjarskipti, atvinnuþróun og eflingu samfélags. Þau verkefni, sem Ísland er þátttakandi í, skiptast þannig að 6 eru í tengslum við fyrstu áhersluna, 16 í tengslum við áherslu 2 og 5 vegna áherslu 3.

Ekki er ljóst hvað veldur því að langflest verkefni snúast um atvinnu- og efnahagsmál og hvort þessi niðurstaða sé í líkingu við það sem gengur og gerist hjá öðrum svæðum NPP.

Það hlýtur samt að vera forsvarsmönnum NPP hér á landi kappsmál að verkefni, sem unnin eru hér á landi, séu sem fjölbreyttust og stuðli að meiri þekkingu og kunnáttu á öllum sviðum samfélagsins, ekki einungis á sviði atvinnumála.

Þegar horft er til markmiða Norðurslóðaáætlunarinnar sjálfrar er ljóst að verkefni 27 falla flest ef ekki öll að þeim markmiðum. Þannig hafa verkefni aukið virkni þátttökusvæða með því að veita á móti þeim erfiðleikum sem eru fylgifyiskar afskekktar og dreifðar byggða ásamt miklum vegalengdum. Verkefni hafa stuðlað að atvinnuþróun og nýsköpun sérstaklega tengt hinum miklu náttúruauðlindum norðurslóða, s.s. orkuvinnslu, skógum og auðlindum hafsins, náttúrufegurð og umhverfisgæðum. Áherslan hefur verið á sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda þar sem sérstaklega er horft til samspils umhverfisverndar og efnahagslegrar nýtingar. Þá hafa ýmis verkefni fallið vel að því markmiði að treysta fullnægjandi opinbera þjónustu við samfélög norðurslóða með dreifðri búsetu.

#### **7.1.5. Þátttaka einkafyrirtækja**

Meginmarkmiðið með þátttöku Íslands í Norðurslóðaáætluninni var að auka þátt sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja á landsbyggðinni í alþjóðlegu samstarfi. Áður er vikið að þeim árangri er liggur í því hve vel hefur tekist að virkja atvinnuþróunarfélög, ríkisfyrirtæki, sveitarfélög og rannsóknarstofnanir til þátttöku. Mikilvægt er að stöðugt sé leitað leiða til að gera fyrirtækjum á landsbyggðinni þátttöku sem auðveldasta.

#### **7.1.6. Fjölbreytt samstarf sem markmið**

Ástæða er til að hvetja enn frekar til samstarfs atvinnulífs, félagasamtaka og opinberra stofnana vegna verkefna. Í því sambandi er vert að benda á þá klasahugmyndafræði sem iðnaðarráðuneytið og Bygðastofnun í samráði við aðra eru að koma á fót víðs vegar um landið með vaxtarsamningum. Þar er rík áhersla lögð á samstarf margvíslegra aðila. Áhugi til samstarfsverkefna byggir á hugsanlegum ávinningi viðkomandi og metnaði til að ná árangri. Um er að ræða opinbera aðila eins og ríki og sveitarfélög sem vilja styrkja atvinnustarfsemi og fjölbreytni á ákveðnum svæðum ásamt fyrirtækjum og einstaklingum. Þegar verkefni eru lengra á veg komin taki einkafyrirtæki og einstaklingar í auknum mæli við taumunum.

Ýmsir styrktarsjóðir á vegum ríkisins hafa sett sér skýr markmið í upphafi um að þátttaka í verkefnum sé sem víðtækust og þannig séu verkefni líklegri til að njóta stuðnings. Dæmi um þetta er Starfsmenntasjóður ríkisins en þar er beinlínis tilgreint í auglýsingum að verkefni séu líklegri til stuðnings ef um er að ræða víðtækt samstarf fyrirtækja og verkalýðsfélaga, opinberra stofnana og sveitarfélaga.

## Ferðapjónusta í faðmi náttúrunnar

Verkefnið „Nature Based Tourism“, sem hægt væri að útleggja á íslensku sem „Náttúrutengd ferðapjónusta“, er verkefni til þriggja ára og er meginmarkmið þess að efla þekkingu hjá ferðapjónustufyrirtækjum. Lykilþættir í þessu sambandi eru þrenns konar: markaðssetning, vörupróun og tengslanet og er verkefninu ætlað að skapa vettvang fyrir aðila í ferðapjónustu til að kynna sér mismunandi aðferðir við að koma þjónustu sinni á framfæri.

Dorothee Lubecki, aðalverkefnisstjóri hjá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða, segir að með aðkomu NPP-áætlunarinnar hafi Atvinnuþróunarfélaginu verið gert kleift að byggja upp virkan samstarfshóp sem komi til með að hafa áhrif á þróun ferðamála á Vestfjörðum. Vörupróun sé mikilvægur þáttur í verkefninu og með tilkomu nýrra söluvara munu fyrirtækin koma til með að hagnast og Vestfirðir í heild munu verða áhugaverðari áfangastaður.

### Árangursríkir samráðsfundir

Atvinnuþróunarfélagið er þátttakandi í verkefninu fyrir Íslands hönd en auk þess koma Hólaskóli og tólf aðrir aðilar, aðallega gistiheimili og hótel á Vestfjörðum, að verkefninu. Haldnir hafa verið sex samráðsfundir með innlendum og erlendum aðilum verkefnisins og segir Dorothee að þessir fundir hafi haft mikil áhrif á starfsemi fyrirtækjanna. „Allt í einu uppgötva þátttakendur að það eru til aðilar í öðrum löndum sem eru að glíma við mjög svipuð vandamál og málefni og þeir sjálfir. Bækur eru bornar saman, menn læra hver af öðrum, veita ráð, gagnrýna og gefa ábendingar. Reynslan erlendis frá nýtist fyrirtækjum á Vestfjörðum því á allan hátt. Tungumálaþekking þeirra og færni við framsetningu hugmynda hefur einnig batnað gífurlega.“

### Langur undirbúningstími og eftirfylgni

Verkefnið er til þriggja ára, eins og áður segir, og eru fyrirhuguð verklok í lok árs 2006. Verkefnið á sér þó langan aðdraganda að sögn Dorothee þar sem undirbúningstími var nærri jafnlangur og tímalengd verkefnisins sjálfs. Þegar verkefninu var hrundið í framkvæmd var byrjað á að leggja áherslu á umhverfis- og gæðastjórnun og markaðssetningu á náttúrutengdri ferðapjónustu. Á þessu ári og því næsta verður aðaláherslan aftur á móti lögð á vörupróun fyrirtækja. Hólaskóli mun bjóða upp á námskeiðaröð fyrir þátttakendur og mun hann ásamt Atvinnuþróunarféluginu fylgjast með því að settum markmiðum verði náð.



## 7.2. SVÓT-greining (helstu niðurstöður)

Meðfylgjandi SVÓT-greining sýnir helstu styrkleika og veikleika í framkvæmd NPP-áætlunarinnar hér á landi sem og helstu tækifæri og ógnanir er bíða í náinni framtíð.

<p><b>Styrkleikar</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>■ Þróun lausna á vanda strjálbýlla svæða með samstarfi ríkja og miðlun þekkingar.</li> <li>■ Efling tengslanets innanlands styrkir þátttakendur og Byggðastofnun.</li> <li>■ Samstarf eykur skilning og þekkingu. Aukin kunnátta þátttakenda á sviðum viðskipta og tækni.</li> <li>■ Alþjóðavæðing landsbyggðar, þ.e. auknir möguleika fyrir fólk og stofnanir að tileinka sér alþjóðlegar nýjungar og auka samkeppnishæfni.</li> <li>■ Styrkir svæði með svipuð einkenni hér og á norðurslóðum.</li> <li>■ Með alþjóðlegu samstarfi er dregið úr einangrun svæða og efnahags- og atvinnulíf eftl.</li> <li>■ Margfeldisáhrif af framlagi stjórnvalda til áætlunarinnar.</li> </ul>	<p><b>Veikleikar</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>■ Auka þarf mælanleika markmiða NPP-áætlunarinnar</li> <li>■ Of mikið skrifræði í tengslum við útfyllingu eyðublaða og skil á gögnum.</li> <li>■ Of lágar styrkuppþæðir og of mikil dreifing styrkja innan áhersluflokka.</li> <li>■ Of mikil áhersla á einn flokk umfram aðra.</li> <li>■ Smæð fyrirtækja og stofnana gerir Íslendingum erfiðara fyrir að taka að sér stjórn verkefna („Leader“).</li> <li>■ Fáir starfsmenn á Byggðastofnun sinna áætluninni.</li> <li>■ Auka mætti kynningu á áætluninni.</li> <li>■ Veikt samstarf við aðrar Evrópuáætlanir á Íslandi.</li> </ul>
<p><b>Tækifæri</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>■ Aukin þekking á starfsemi alþjóðastofnana sem gerir fyrirtækjum og stofnunum auðveldara um vik að taka þátt í öðrum áætlunum á vegum ESB og annarra alþjóðasamtaka.</li> <li>■ Samstarf og samvinna fyrirtækja og stofnana í ólíkum löndum greiðir fyrir milliríkjaviðskiptum.</li> <li>■ Möguleiki fyrir Íslendinga til að kynna og leiða verkefni á sviðum þar sem þeir búa yfir sérþekkingu, s.s. á sviði orkumála og sjávarútvegs.</li> <li>■ Tækifæri liggja í frekari samvinnu opinbera geirans og einkageirans við vinnslu og úrlausn verkefna sem og samstarfi höfuðborgar og landsbyggðar.</li> <li>■ Mörg vandamál á norðurslóðum eru fjölþjóðleg og krefjast því fjölþjóðlegs samstarfs.</li> </ul>	<p><b>Ógnanir</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>■ Breyting á pólitískri afstöðu íslenskra stjórnvalda.</li> <li>■ Breytingar á velvild ríkja Evrópusambandsins í garð þeirra er utan sambandsins standa gagnvart þátttöku í áætluninni.</li> <li>■ Óvissa um framtíð áætlunarinnar, stefnu hennar og markmið innan uppbyggingarkerfis Evrópusambandsins.</li> <li>■ Lægra framlag frá stjórnvöldum til áætlunarinnar gæti dregið úr gildi verkefna fyrir Ísland.</li> <li>■ Óhagstæð gengisþróun hefur áhrif á styrkuppþæðir til þátttakenda.</li> </ul>

### 7.3. Tillögur IMG

#### Tillögur og ábendingar IMG Ráðgjafar

1. Árangur af þátttöku Íslendinga í Norðurslóðaáætluninni er ótvíræður. Almennt verður það að teljast hafa verið farsæl ákvörðun íslenskra stjórnvalda að taka þátt í fjölbjóðasamvinnu af þessum toga.
2. Nauðsynlegt er að þátttaka íslenskra stjórnvalda í alþjóðaáætlun sem NPP sé byggð á skýrri stefnu og að mælanleg markmið séu fyrir hendi við framkvæmd hér á landi.
3. Fjármunir til verkefnisins hafa almennt nýst vel. Setja verður fram spurningar um hvort ekki sé æskilegt að verja meiri fjármunum til reksturs og kynningarstarfa hér á landi. Eðlilegt verður að telja að sá aðili, er sinnir áætluninni, geri það í fullu starfi en ekki sem hlutastarfi. Meginrökin fyrir því er betri nýting þeirra fjármuna sem stjórnvöld verja almennt til þátttöku í NPP.
4. Nokkuð bar á gagnrýni sumra verkefnastjóra á skrifræði erlendra stofnana NPP. Snerist gagnrýnin að miklu um seinagang við afgreiðslu umsókna og umfang vinnu við útfyllingu eyðublaða. Aftur á móti var áberandi að þeir, sem höfðu mjög mikla þekkingu og reynslu af viðskiptum við alþjóðastofnanir stofnanir, höfðu mun færri athugasemdir við meintan seinagang NPP eða skil á eyðublöðum. Slíkt gefur til kynna að stjórn NPP hér á landi þurfi að verja tíma og fjármunum í að upplýsa nýja þátttakendur um samskiptamáta við skrifstofur NPP og miðla þeirri þekkingu sem nú er til staðar.
5. Æskilegt er að auka þátttöku einkageirans, hugsanlega með því að leggja meiri áherslu á samvinnu opinberra stofnana og fyrirtækja þegar umsóknir um verkefnastyrki eru í vinnslu.
6. Skilvirkni áætlunarinnar hefur verið mæld út frá framlagi pr. verkefni eftir því hversu mörg þátttökulöndin eru eða um hve marga þátttakendur er að ræða. Eðlilegt er að taka fleiri mælikvarða inn í heildarmyndina við útreikning á skilvirkni og slíkur útreikningur verði framkvæmdur um leið og verkefni eru í höfn. Hér getur verið um að ræða mælingu á skilvirkni nýrrar þjónustu, skilvirkni í skipulagsmálum og skilvirkni tengslanets, svo dæmi séu tekin.
7. Skoðun á framlagi til verkefna í mismunandi áhersluflokkum leiðir í ljós að framlag til verkefna í áhersluflokki 2, átaksverkefna tengd atvinnuþróun, er ívið hærra en til annarra verkefna. Lagt er til að stjórn NPP leggi annaðhvort meiri áherslu á jafnari dreifingu styrkja til verkefna eða stuðli að fjölgun umsókna um styrki í öðrum flokkum í því skyni að auka fjölbreytileika verkefna og stuðla að fjölbreyttari úrlausnum á vandamálum dreifðra svæða.
8. Nokkuð var um gagnrýni þátttakenda á lágar fjárhæðir styrkja. Vert er að marka skýrari stefnu varðandi upphæðir þeirra styrkja, sem veittir eru til verkefna, í því skyni að búa til öflugri verkefni og skilvirkari þjónustu.
9. Landsskrifstofa Norðurslóðaáætlunar er vistuð hjá Byggðastofnun en heyrir undir Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti. Byggðastofnun er þátttakandi í 3 verkefnum sem starfsrækt eru á landsvísu en hefur jafnframt komið að hlutfjármögnun nokkurra verkefna. Það kann að leika vafi á því hvort bein verkefnaþátttaka Byggðastofnunar geti samræmst því hlutverki að hafa umsjón með Landsskrifstofu áætlunarinnar.

## 8. Viðaukar

### 8.1. Orðskýringar

**European Agricultural Guidance and Guarantee Fund – EAGGF.** Uppbyggingarsjóður landbúnaðarins. Leggur til fjármagn vegna sameiginlegrar landbúnaðarstefnu ESB.

**European Regional Development Fund – ERDF.** Evrópski byggðapróunarsjóðurinn. European Social Fund – ESF. Félagsmálasjóður Evrópu. Styður við atvinnumálastefnu ESB og leggur áherslu á fjárfestingu í mannauð. Núverandi rammaáætlun sjóðsins er í gildi frá 2000 til 2006.

**Financial Instrument for Fisheries Guidance – FIFG.** Sjávarútvegssjóður Evrópu. Leggur áherslu á aukið framboð og betri gæði fiskafla innan ESB og styður við bakið á svæðum sem reiða sig á sjávarútveg.

**Interreg.** Áætlun Evrópusambandsins um samstarf milli landamæraheraða. Núverandi áætlun, Interreg III, lýkur árið 2006.

**Joint Programme Secretariat – JPS.** Aðalskrifstofa NPP. Aðalskrifstofan er staðsett í færeyska húsinu í Kaupmannahöfn, Strandgade 91 – í vestnorræna húsinu þar sem m.a. íslenska sendiráðið verður staðsett. Framkvæmdastjóri NPP er Svíinn Niclas Forsling.

**Managing and Paying Authority – MPA.** Umsýsla fjármuna áætlunarinnar er í Umea í Svíþjóð. Leif Forsling er stjórnandi þessa hluta áætlunarinnar. Hann situr bæði PMG- og PMC-fundi.

**Northern Periphery Programme – NPP.** Norðurslóðaáætlunin. Ein af þrettán byggðaaætlunum Interreg III B áætlunar Evrópska byggðapróunarsjóðsins (ERDF).

**NORA** [Nordisk Atlantsamarbejde] eða Norræna Atlantsnefndin heyrir undir Norrænu ráðherranefndina og telst þar vera hluti af norrænu samstarfi á sviði byggðamála og svæðasamvinnu. Starfssvæði NORA er Ísland, Færeyjar, Grænland og strandhéruð Noregs. Skrifstofa nefndarinnar er staðsett í Færeyjum en nefndin hefur landsskrifstofur í samstarfslöndunum. Byggðastofnun gegnir hlutverki landsskrifstofu NORA á Íslandi.

**Programming Monitoring Committee – PMC.** Eftirlitsráð Norðurslóðaáætlunarinnar. Endanlegar ákvarðanir um hvaða verkefni eru styrkt eru teknar á PMC-fundum. Á þessum fundum eru fulltrúar frá öllum löndunum. Stóru löndin hafa 3 fulltrúa en þau minni tvo. Ísland á tvo fulltrúa – Herdís Sæmundsdóttir og Baldur Pétursson eru fulltrúar Íslands. PMC-fulltrúar eru venjulega einn frá „National body“ og einn til tveir frá „Regional body“. PMC fundar 3-4 sinnum á ári í tengslum við afgreiðslu verkefna. Formennska í PMC skiptist árlega milli aðildarlanda ESB.

**Programming Monitoring Group – PMG.** Framkvæmdastjórn. Einn fulltrúi er frá hverju landi í þessari stjórn og eru það venjulega starfsmenn viðkomandi ráðuneyta. Þessi stjórn fundar reglulega 3-4 ásinnum ári. Stjórnin fundar um ýmis praktísk atriði varðandi stjórnun áætlunarinnar, t.a.m. starfsmannahald, fjármál, samskipti við framkvæmdastjórn ESB o.þ.h. Baldur Pétursson hjá iðnaðarráðuneytinu er fulltrúi Íslands í PMG.

**Regional Advisory Group – RAG.** Svæðisráðgjafanefnd. Í hverju þáttökulandi er svokölluð svæðaráðgjafanefnd sem veitir umsagnir um verkefni. Ísland heldur RAG með Færeyingum og Grænlandingum og fulltrúar landanna í stjórn NORA eru jafnframt RAG-meðlimir. Þetta eru Herdís Sæmundsdóttir, Pétur Snæbjörnsson og Baldur Pétursson. – Hlutverk RAG-fulltrúa er að veita umsagnir um verkefni og gefa þeim einkunn. Samanlagðar einkunnir landanna eru síðan notaðar til að ákveða hvaða verkefni fá styrk frá áætluninni. Þannig geta fulltrúar hvers lands haft áhrif á það hvernig þeim fjármunum, sem viðkomandi land leggur í NPP, er varið.

**Regional Contact Point – RCP.** Landsskrifstofa. Í hverju þáttökulandi er landsskrifstofa/landstengiliður sem sér um að kynna áætlunina, aðstoðar umsækjendur við leit að samstarfsaðilum, gerð umsókna o.þ.h. Landsskrifstofa Íslands er vistuð hjá Byggðastofnun.



## 8.2. Verkefni

### 8.2.1. Áhersla 1

#### **Ambulance Transport & Services in Rural Areas – Atsruar**

- Íslenskt heiti: Sjúkraflutningar í dreifbýli
- Áhersla: 1 – Tímabil: 2005-2007
- Heildar fjármagn: 53,1 milljón ISK
- Framlag Íslands: 15,6 milljónir ISK
- Verkefnisstjórn: **Ísland**
- Tengiliðir: Hildigunnur Svavarsdóttir, [hildig@fsa.is]
- Umsækjandi: FSA Háskólasjúkrahús
- Aðilar sem tengjast verkefninu: Sjúkraflutningaskólinn, Slökkviliðið á Akureyri, Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Háskólinn Akureyri og Vegagerðin.
- Heimasíða: [www.atsruar.net](http://www.atsruar.net)
- Þátttökulönd: Ísland, Svíþjóð og Skotland
- Markmið verkefnisins er að setja fram tillögur um hvernig best verði staðið að skipulagi sjúkraflutninga í dreifbýli. Með bættu skipulagi og þjónustu sjúkraflutninga (s.s. aukinni forgangsröðun í flutningum, fjarlækningum og/eða að meðferð sé hafin á staðnum og aukinni þekkingu sjúkraflutningamanna) má draga úr óþarfa flutningum sem hefur verulegan ávinning í för með sér. Verkefnið tengir saman fólk með sérhæfða þekkingu og reynslu tengt sjúkraflutningum og skipulagi þess í fámennum og dreifbýlum svæðum.

#### **Birra (Broadband in Rural and Remote areas)**

- Íslenskt heiti: Upplýsingatækni í dreifbýli
- Áhersla: 1 – Tímabil: 2004- 2006
- Heildar fjármagn: 59,9 milljónir ISK
- Framlag Íslands: 11,7 milljónir ISK
- Verkefnisstjórn: Finnland
- Tengiliður: Þórarinn Sólmundarson, [thorarinn@byggdastofnun.is]
- Umsækjendur: Byggðastofnun, Ísafjarðarbær, Síminn, IMG, Sveitarfélagið Skagafjörður og Póst- og fjarskiptastofnun
- Heimasíða: [www.birraproject.net](http://www.birraproject.net)
- Þátttökulönd: Finnland, Svíþjóð, Skotland og Ísland
- Verkefnið miðar að því að skilgreina stöðu sveitarfélaga á sviði upplýsingatækni þar sem horft er til þátta eins og e-learning, e-care, e-work, e-government, e-business og jafnvel fleiri þátta eins og t.d. menningar. Markmiðið er að flýta fyrir framþróun á sviði upplýsingatækni og stuðla að jöfnu aðgengi að þeim tækifærum sem hún veitir.

### **Community Learning Networks (CLN-NPA II)**

- Íslenskt heiti: Samstarfsnet símenntunarmiðstöðva
- Áhersla: 1 – Tímabil: 2004 - 2006
- Heildarfjármagn: 52,4 milljónir ISK
- Framlag Íslands: 4,8 milljónir ISK
- Verkefnisstjórn: Skotland
- Tengiliður: Sigrún Magnúsdóttir, [sigrun@unak.is]
- Umsækjandi: Háskólinn á Akureyri
- Aðilar sem tengjast verkefninu: Símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni.
- Heimasíða: www.edge.ramk.fi
- Þátttökulönd: Skotland, Noregur, Svíþjóð og Finnland
- Verkefnið er samstarfsverkefni símenntunarmiðstöðva og er þróunarverkefni á sviði símenntunar og fjarkennslu.

### **Northern Maritime Corridor**

- Íslenskt heiti: Sjóflutningar
- Áhersla: 1 – Tímabil: 2003-2005
- Heildarfjármagn: 140 milljónir ISK
- Framlag Íslands: 6,5 milljónir ISK
- Verkefnisstjórn: Noregur
- Tengiliður: Kaspar Lyttthans, [kaspar@nora.fo]
- Umsækjandi: Norður Atlantsnefndin (NORA)
- Aðilar sem tengjast verkefninu: Akureyrarhöfn, Hafnarfjarðarhöfn, Reykjavíkurhöfn, Eimskip, Samskip, SIF, Smyril Line og Atlantsskip.
- Heimasíða: www.northernmaritimecorridor.no
- Þátttökulönd: Noregur, Grænland, Færeyjar, Skotland og Svíþjóð
- Verkefnið lýtur að samgöngum á sjó þar sem áhersla er lögð á breyttar áherslur í flutningastarfsemi, auknar tengingar og aukna sjóflutninga. Norður Atlantsnefndin (NORA) er tengiliður í verkefninu.

### **Rural Business Information Exchange Systems (RUBIES)**

- Íslenskt heiti: Upplýsingatækni í dreifbýli
- Áhersla: 1 – Tímabil: 2004-2006
- Heildarfjármagn: 55,7 milljónir ISK
- Framlag Íslands: 11,7 milljónir ISK
- Verkefnisstjórn: Skotland
- Tengiliður: Árni Gunnarsson, [arnig@krokur.is]
- Umsækjandi: UD-verkefnið á Íslandi – Leiðbeiningamiðstöðin Sauðárkróki
- Aðilar sem tengjast verkefninu: Landbúnaðarráðuneytið, Bændasamtök Íslands, Síminn, RARIK, Olúfélagið, Kaupfélag Skagfirðinga, Framleiðnisjóður landbúnaðarins, KB banki og bændur víðs vegar um landið.
- Heimasíða: www.rubies.eu.com
- Þátttökulönd: Skotland, Finnland, Svíþjóð og Ísland
- RUBIES er verkefni um upplýsingatækni í dreifbýli. Gagnasöfnun um stöðu upplýsingatæknimála í dreifbýli ásamt þróun hugbúnaðar eru meðal aðgerða í verkefninu.

### **Safety@Sea – Northern periphery**

- Íslenskt heiti: Öryggismál á norðurlöndum
- Áhersla: 1 – Tímabil: 2005-2007
- Heildarfrármagn: 56,5 milljónir ISK
- Framlag Íslands: 936 milljónir ISK
- Verkefnisstjórn: Skotland
- Tengiliður: Gísli Viggósson, [gisli@sigling.is]
- Umsækjendur: Siglingamálastofnun, Landhelgisgæslan og Háskóli Íslands
- Heimasíða:
- Þátttökulönd: Skotland, Færeyjar, Grænland, Noregur og Ísland
- Verkefnið lítur að öryggismálum á sjó á norðurlöndum og tekur bæði til fiski- og farþegaskipa.. Verkefnið tengist álíka verkefni sem er í gangi innan Norðursjávaráætlunarinnar og verið er að víkka út til Eystrasaltsins og tengjast þau saman í MSOU (Maritime Safety Umprella Operation).

### **8.2.2. Áhersla 2**

#### **Destination Viking – Sagalands, Sagas & Storytelling**

- Íslenskt heiti: Sögunlöndin
- Áhersla: 2 – Tímabil: 2003-2005
- Heildarfrármagn: 78,1 milljón ISK
- Framlag Íslands: 27,4 milljónir ISK
- Verkefnisstjórn: Ísland
- Tengiliður: Rögnvaldur Guðmundsson, [rognav@hi.is]
- Umsækjendur: Rannsóknir og ráðgjöf, Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, Dalabyggð, Menningarsetur Borgarfjarðar, Grettistak sf., Reykjanesbær og uppsveitir Árnassýslu.
- Aðilar sem tengjast verkefninu: Byggðastofnun og fjölmörg fyrirtæki á sviði ferðaþjónustu.
- Heimasíða: www.sagalands.org
- Þátttökulönd: Ísland, Skotland, Svíþjóð, Grænland, Færeyjar, Noregur og Kanada
- Verkefnið miðar að uppbyggingu á menningarferðaþjónustu í tengslum við sögu víkinganna. Íslensku aðilarnir eru Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða með verkefni um Gísla sögu, Dalabyggð með Eiríksstaði og Leifsverkefnið, Menningarsetur Borgarfjarðar með Egilsstofu, Grettistak sf. í Húnaþingi vestra, Reykjanesbær með víkingaskipið Íslending og uppsveitir Árnassýslu með verkefni um Þjórsárdal og Þjóðveldisbæinn.

#### **ECONO - Eco House North**

- Íslenskt heiti:
- Áhersla: 2 – Tímabil: 2005-2007
- Heildarfrármagn: 83,7 milljónir ISK
- Framlag Íslands: 2,0 milljónir ISK (9%)
- Verkefnisstjórn: Finnland
- Tengiliður: Sigurður Harðarson, [sig.h@arkitekt.is]
- Umsækjandi: Batteríð Arkitektar ehf.
- Heimasíða: www.econo.fi
- Þátttökulönd: Ísland, Finnland, Noregur, Skotland og Svíþjóð
- Viðfangsefnið er að sameina þekkingu og reynslu við framleiðslu og markaðssetningu timburhúsa fyrir norðlægar slóðir.

#### **ELAV – Enhancing Local Activity and Values from Forest Land through community-led strategic planning**

- Íslenskt heiti:
- Áhersla: 2 – Tímabil: 2005 -2007
- Heildarfrármagn: 108,4 milljónir ISK
- Framlag Íslands: 5,2 milljónir ISK
- Verkefnisstjórn: Svíþjóð
- Tengiliður: Sherry Curl, [sherry@skogur.is]

- Umsækjandi: Skógrækt ríkisins
- Heimasíða: [www.elavproject.com](http://www.elavproject.com)
- Þátttökulönd: Svíþjóð, Skotland, Ísland, Noregur og Finnland
- Um er að ræða skipulagsverkefni innan skógræktar þar sem áhersla er lögð á víðari aðkomu hagsmunaaðila að skipulagsmálum greinarinnar.

### **External Timber Cladding in Maritime Conditions**

- Íslenskt heiti: Timburklæðningar
- Áhersla: 2 – Tímabil: 2003-2005
- Heildarfjármagn: 76,6 milljónir ISK
- Framlag Íslands: 9,1 milljón ISK
- Verkefnisstjórn: Skotland
- Tengiliður: Jón Sigurjónsson, [[jon.s@rabygg.is](mailto:jon.s@rabygg.is)]
- Umsækjandi: Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins
- Aðilar sem tengjast verkefninu: Húsasmiðjan, BYKO og Steinullarverksmiðjan Sauðárkróki.
- Heimasíða: [www.forestry.gov.uk/forestry/infd-6a3kkz](http://www.forestry.gov.uk/forestry/infd-6a3kkz)
- Þátttökulönd: Skotland, Færeyjar, Noregur og Ísland
- Verkefnið lýtur að öflun og miðlun þekkingar um bestu lausnir er varða hönnun, byggingu og viðhald timburklæðninga á norðurslóðum.

### **i2i (Integrate to Innovate)**

- Íslenskt heiti:
- Áhersla: 2 – Tímabil: 2004-2007
- Heildarfjármagn: 83,6 milljónir ISK
- Framlag Íslands: 5,5 milljónir ISK
- Verkefnisstjórn: Skotland
- Tengiliður: Halldór Eiríksson, [[halldor@austur.is](mailto:halldor@austur.is)]
- Umsækjandi: Þróunarstofa Austurlands
- Heimasíða:
- Þátttökulönd: Skotland, Svíþjóð, Ísland, Finnland og Noregur
- Markmið verkefnisins er að kortleggja og tengja saman staðbundin innlend og alþjóðleg tengslanet sem til staðar eru á milli lítilla og meðalstórra fyrirtækja, háskóla og opinberra stofnana með að markmiði að skapa samskiptagrundvöll og auka skilning á gildi tengslaneta.

### **Outdoor and Recreational Food Project**

- Íslenskt heiti:
- Áhersla: 2 – Tímabil: Til 2007
- Heildarfjármagn: 55,2 milljónir ISK
- Framlag Íslands: 3,7 milljónir ISK
- Verkefnisstjórn: Finnland
- Tengiliður: Laufey Haraldsdóttir, [[laufey@holar.is](mailto:laufey@holar.is)]
- Umsækjandi: Háskólinn Hólum í Hjaltadal
- Aðilar sem tengjast verkefninu: Ferðaþjónustufyrirtæki
- Heimasíða:
- Þátttökulönd: Finnland, Ísland og Skotland

Verkefnið er á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu og útivist, með áherslu á matarmenningu og mun geta stuðlað að fjölbreyttari ferðaþjónustu.

### **Nature Based Tourism**

- Íslenskt heiti: Náttúrutengd ferðaþjónusta
- Áhersla: 2 – Tímabil: 2004-2006
- Heildarfjármagn: 114,2 milljónir ISK
- Framlag Íslands: 4,9 milljónir ISK
- Verkefnisstjórn: Noregur
- Tengiliður: Dorothee Lubecki, [dora@atvest.is]
- Umsækjandi: Atvinnuþróunarfélag Vestjarða
- Aðilar sem tengjast verkefninu: Háskólinn Hólum, ásamt 14 ferðaþjónustufyrirtækjum á Vestfjörðum.
- Heimasíða: [www.naturebasedtourism.net](http://www.naturebasedtourism.net)
- Þátttökulönd: Noregur, Svíþjóð, Skotland og Ísland
- Markmið verkefnisins er að þróa og efla frekari þekkingu á sviði náttúruvænnar ferðaþjónustu í aðildarlöndum, með ýmsum verkefnum, s.s. tengslanetum, nýjum vörum og þjónustu o.fl.

### **NEST (Northern Environment for Sustainable Tourism; potential of national parks and protected areas for rural development in the northern periphery)**

- Íslenskt heiti: Þróun sjálfbærrar ferðamennsku
- Áhersla: 2 – Tímabil: 2005-2007
- Heildarfjármagn: 78,8 milljónir ISK
- Framlag Íslands: 10,1 milljón ISK
- Verkefnisstjórn: **Ísland**
- Tengiliður: Rannveig Ólafsdóttir, [ranny@hi.is]
- Umsækjendur: Háskólasetrið á Hornafirði, Sveitarfélagið Hornafjörður og Skaftárhreppur.
- Aðilar sem tengjast verkefninu: Þróunarstofa Austurlands, Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands, Skaftafellspjóðgarður og fjölmargir ferðaþjónustuaðilar á svæðinu.
- Heimasíða: [www.nppnest.org](http://www.nppnest.org)
- Þátttökulönd: Ísland, Finnland, Skotland og Svíþjóð
- Verkefnið felst í að nýta til framþróunar þau tækifæri sem felast í búsetu í nágrenni þjóðgarða og verndarsvæða.

### **Norce (Northern Coastal Experience)**

- Íslenskt heiti: Strandmenningarverkefnið
- Áhersla: 2 – Tímabil: 2004-2007
- Heildarfjármagn: 137 milljónir ISK
- Framlag Íslands: 23,4 milljónir ISK
- Verkefnisstjórn: **Ísland**
- Tengiliður: Rögnvaldur Guðmundsson, [rognav@hi.is]
- Umsækjendur: Atvinnuþróunarfélag Norðurlands vestra, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, Byggðasafn Húnavetninga Reykjum og Minjasafnið Hnjóti
- Aðilar sem tengjast verkefninu: Fjölmargir ferðaþjónustuaðilar á svæðinu.
- Heimasíða: [www.ec.is/norce/is/Home](http://www.ec.is/norce/is/Home)
- Þátttökulönd: Ísland, Skotland, Svíþjóð, Finnland, Noregur, Færeyjar, Grænland og Kanada
- Verkefnið miðar að auknu samstarfi og samstarfsneti sjávarbyggða landa innan NPP en Kanada (Nýfundnaland) er einnig aðili að verkefninu. Því má segja að verkefnið sé eins konar samstarfsverkefni landa við norðanvert Atlantshaf. Áhersla verður m.a. lögð á að efla ferðamennsku með auknum upplýsingum til ákveðinna markhópa um margvíslegt efni og efla menningarleg tengsl.

### **NORTH COD – Sustainable Development of Cod Farming**

- Íslenskt heiti:
- Áhersla: 2 – Tímabil: 2005 -2007
- Heildarfjármagn: 109,1 milljón ISK
- Framlag Íslands: 18,5 milljónir ISK
- Verkefnisstjórn: Noregur
- Tengiliður: Eygló Harðardóttir, [eygloh@yahoo.com]
- Umsækjandi: IceCod Ltd.
- Aðilar sem tengjast verkefninu: Hafrannsóknarstofnun, Stofnfiskur, Þorskur á þurru landi ehf. og Fiskeldi Eyjafjarðar (Fiskey).
- Heimasíða: www.northcod.net
- Þátttökulönd: Noregur, Ísland, Skotland og Norðvestur Rússland
- Hér er um að ræða almennt þekkingarverkefni er lýtur að eldi þorsks, þ.m.t. framleiðslu-aðferðum, stöðlun framleiðslu og fleiri þátta, en nú er lögð mikil áhersla á þá möguleika sem felast í þorskeldi héraendis.

### **Northern Wood Heat (Developing Small and Medium Scale Wood fuel Supply Chains)**

- Íslenskt heiti: Norðlæg viðarkynding
- Áhersla: 2 – Tímabil: 2005-2007
- Heildarfjármagn: 146,7 milljónir ISK
- Framlag Íslands: 13,6 milljónir ISK (12%)
- Verkefnisstjórn: Finnland
- Tengiliður: Loftur Jónsson, [loftur@skogur.is]
- Umsækjendur: Héraðsskógar, Skógrækt ríkisins og Landbúnaðarháskólinn Hvanneyri
- Heimasíða: www.northernwoodheat.net
- Þátttökulönd: Skotland, Finnland og Ísland
- Tilraunaverkefni er lýtur að nýtingu trjáviðar til orkuframleiðslu.

### **Rural Business Women**

- Íslenskt heiti: Fósturlandsins Freyjur
- Áhersla: 2 – Tímabil: 2004-2006
- Heildarfjármagn: 76,4 milljónir ISK
- Framlag Íslands: 14,3 milljónir ISK
- Verkefnisstjórn: Finnland
- Tengiliðir: Bjarnheiður Jóhannsdóttir, [bjarnheidur@byggdastofnun.is] og Inga Sigurðardóttir, [ingasig@simenntun.is]
- Umsækjendur: Byggðastofnun og Símenntunarmiðstöð Vesturlands
- Aðilar sem tengjast verkefninu: Mikill fjöldi kvenna um allt land tekur virkann þátt í verkefninu.
- Heimasíða: www.freyjur.is og www.matkakori.net
- Þátttökulönd: Finnland, Svíþjóð, Skotland og Ísland
- Verkefnið snýr að atvinnusköpun kvenna í dreifbýli. Atvinnu- og jafnréttisráðgjafar Byggðastofnunar koma að verkefninu fyrir Íslands hönd.



### **SCRI in Action (Structure for the Commercialization of Rural Innovation in Action)**

- Íslenskt heiti:
- Áhersla: 2 – Tímabil: 2006-2006
- Heildar fjármagn: 27,1 milljón ISK
- Framlag Íslands: 3,1 milljón ISK
- Verkefnisstjórn: Skotland
- Tengiliður: Róbert Jónsson, [robert@south.is]
- Umsækjandi: Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands
- Aðilar sem tengjast verkefninu: Atvinnuþróunarfélög á landsbyggðinni.
- Heimasíða: [www.scri.eu.com](http://www.scri.eu.com)
- Þátttökulönd: Finnland, Svíþjóð, Noregur og Ísland
- Verkefnið er framhaldsverkefni þar sem áherslan er á að nýta upplýsingar og tæki sem skilgreind voru í fyrra verkefninu til atvinnuráðgjafar.

### **SIBLARCH (Decay resistant timber – Siberian larch compared to Scots pine in forestry and products)**

- Íslenskt heiti:
- Áhersla: 2 – Tímabil: 2005-2007
- Heildar fjármagn: 99,3 milljónir ISK
- Framlag Íslands: 9,9 milljónir ISK
- Verkefnisstjórn: Svíþjóð
- Tengiliður: Sherry Curl, [sherry@skogur.is]
- Umsækjandi: Skógrækt ríkisins
- Heimasíða: [www.siblarch.net](http://www.siblarch.net)
- Þátttökulönd: Svíþjóð, Noregur, Finnland, Ísland og Rússland
- Rannsóknarverkefni á sviði skógræktar með áherslu á lerki til timburiðnaðar.

### **Snow Magic**

- Íslenskt heiti: Snætöfrar
- Áhersla: 2 – Tímabil: 2004-2007
- Heildar fjármagn: 55,1 milljón ISK
- Framlag Íslands: 13,1 milljón ISK
- Verkefnisstjórn: Svíþjóð
- Tengiliður: Gunnar Jóhannesson, [gunnar@atthing.is]
- Umsækjandi: Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga
- Aðilar sem tengjast verkefninu: Fjölmargir ferðaþjónustuaðilar við Mývatn.
- Heimasíða: [www.snowmagic.nu](http://www.snowmagic.nu) og [www.snowmagic.is](http://www.snowmagic.is)
- Þátttökulönd: Svíþjóð, Finnland og Ísland
- Með verkefninu er stefnt að því að þróa vörur, þjónustu og atburði er varða ferðaþjónustu á veturnum, í nánum tengslum við menningu og sérstöðu einstakra svæða.

### **Usevenue**

- Íslenskt heiti: Viðburðapróun og ferðamennska
- Áhersla: 2 – Tímabil: 2004 - 2006
- Heildar fjármagn: 79,4 milljónir ISK
- Framlag Íslands: 6,9 milljónir ISK
- Verkefnisstjórn: Finnland
- Tengiliðir: Ásthildur Sturludóttir, [finsen@soffi.com] og Rúnar Óli Karlsson, [runaroli@isafjordur.is]
- Umsækjendur: Héraðsnefnd Snæfellinga og Ísafjarðarbær
- Aðilar sem tengjast verkefninu: Héraðssamband Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, Framkvæmdaráð Snæfellsnes, Mýraboltafélag Íslands, félagið Aldrei fór ég suður og Fossavatnsgangan.
- Heimasíða: [www.usevenue.net](http://www.usevenue.net)
- Þátttökulönd: Svíþjóð, Skotland, Finnland og Ísland

- Verkefnið miðar að því að efla félags- og efnahagslegan styrkleika þeirra svæða sem það nær til með verkefnum sem miða að sköpun sjálfbærra verkefna og atburða á viðkomandi svæði.

### **Young Entrepreneur Factory (YEF)**

- Íslenskt heiti: Ungir frumkvöðlar
- Áhersla: 2 – Tímabil: 2004-2006
- Heildarfjármagn: 120,1 milljón ISK
- Framlag Íslands: 16,8
- Verkefnisstjórn: Skotland
- Tengiliðir: Björn Gíslason, [bjorn@iti.is] og Bryndís Haraldsdóttir, [bryndish@iti.is]
- Umsækjendur: IMPRA – Nýsköpunarmiðstöð og Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi
- Aðilar sem tengjast verkefninu: Atvinnuþróunarfélög á landsbyggðinni.
- Heimasíða: [www.yefactory.com](http://www.yefactory.com)
- Þátttökulönd: Skotland, Noregur, Grænland, Ísland, Svíþjóð og Rússland
- YEF er verkefni sem miðar að því að virkja unga frumkvöðla á norðurslóðum.

### **8.2.3. Áhersla 3**

#### **DESERVE (Delivering Services in Remote and Rural Areas)**

- Íslenskt heiti: Þjónusta í dreifbýli
- Áhersla: 3 – Tímabil: 2004-2007
- Heildarfjármagn: 175,6 milljónir ISK
- Framlag Íslands: 4,5 milljónir ISK
- Verkefnisstjórn: Skotland
- Tengiliður: Halldór V. Kristjánsson, [halldor@byggdastofnun.is]
- Umsækjandi: Byggðastofnun
- Aðilar sem tengjast verkefninu: Verkefni Virkjum alla og Sunnan 3.
- Heimasíða: <http://www.nppdeserve.info/>
- Þátttökulönd: Skotland, Svíþjóð, Ísland og Finnland
- Verkefnið lýtur að þjónustu í dreifbýli þar sem áhersla er lögð á upplýsingagjöf um aðferðafræði og fyrirmyndir. Íslenski hlutinn lýtur að yfirfærslu á þekkingu er varðar rafræn verkefni í dreifbýli og hvernig hægt er að bæta þjónustu á því sviði, með margvíslegum aðgerðum.

#### **Development by branding the trade mark (Brandr)**

- Íslenskt heiti: Brandur
- Áhersla: 3 – Tímabil: 2004-2006
- Heildarfjármagn: 78 milljónir ISK
- Framlag Íslands: 14,6 milljónir ISK
- Verkefnisstjórn: Svíþjóð
- Tengiliður: Sigríður Stefánsdóttir, [sigridur@akureyri.is]
- Umsækjandi: Akureyrarbær
- Aðilar sem tengjast verkefninu: Fjölmargir hagsmunaaðilar á Akureyri.
- Heimasíða: [www.brandr.net](http://www.brandr.net)
- Þátttökulönd: Svíþjóð, Noregur og Ísland
- Brandur er samstarfsverkefni milli fjögurra sveitarfélaga á norðurslóðum. Markmið þess er að skoða leiðir til markaðssetningar og ímyndarsköpunar sveitarfélaga, t.a.m. með því að þróa „vörumerki“.

### **Small Town Networks**

- Íslenskt heiti: Smábæjarnet
- Áhersla: 3 – Tímabil: 2003-2005
- Heildarfjármagn: 55,1 milljón ISK
- Framlag Íslands: 4,7 milljónir ISK
- Verkefnisstjórn: Skotland
- Tengiliður: Stefán Stefánsson, [stefan@austur.is]
- Umsækjandi: Þróunarstofa Austurlands
- Aðilar sem tengjast verkefninu: Sveitarfélög á Austurlandi.
- Heimasíða: [www.smalltownnetworks.com](http://www.smalltownnetworks.com)
- Þátttökulönd: Skotland, Svíþjóð, Ísland og Finnland
- Verkefnið miðar að sameiginlegri stefnumótunarvinnu sveitarfélaga.

### **Spatial North (Spatial Planning in Northern Peripheral Regions )**

- Íslenskt heiti: Svæðisáætlanir á norðlægum jaðarsvæðum
- Áhersla: 3 – Tímabil: 2005-2007
- Heildarfjármagn: 147,1 milljón ISK
- Framlag Íslands: 20,8 milljónir ISK
- Verkefnisstjórn: Svíþjóð
- Tengiliðir: Árni Ragnarsson, [arnir@byggdastofnun.is] og Pétur Ingi Haraldsson, petur@skipulag.is]
- Umsækjendur: Skipulagsstofnun og Byggðastofnun
- Aðilar sem tengjast verkefninu: Sveitarstjórnir og hagsmunaaðilar á svæðinu
- Heimasíða:
- Þátttökulönd: Svíþjóð, Skotland, Noregur, Finnland og Ísland
- „Spatial Planning & Development“ er skipulagaðferð sem beitt er innan Evrópusambandsins til þess að ná fram sameiginlegum viðhorfum, samstöðu og framtíðarsýn. Stefnt er að því að út úr verkefninu komi áherslur fyrir heildaráætlanir og sameiginlegur gagnabanki í rafrænu formi, að hluta á rafrænum kortum sem nýtast mun við áætlanagerð á Íslandi og til samanburðar milli svæða innanlands og í Evrópu.

## 8.3. Hlutfallsleg skipting fjármuna

### 8.3.1. Áhersla 1

Flokkun	Verkefni	Heildar verkefnis-kostnaður	Heildarfjárhæð umsóknar til NPP	Hlutfall	Heildar-kostnaður við íslenska hluta verkefnisins	Hlutfall	NPP framlag til Íslands	Hlutfall	Eigin fjármögnun	Hlutfall
1.1	Ambulance Transport & Services in Rural Areas	53.453.555	32.072.117	60,0%	15.756.913	29,5%	<b>4.710.000</b>	29,9%	11.046.913	70,1%
1.1	Northern Maritime Corridor	140.907.500	84.544.500	60,0%	6.541.719	4,6%	<b>3.925.000</b>	60,0%	2.616.719	40,0%
1.1	Safety at Sea - Northern Periphery (S@S)	59.398.046	36.045.316	60,7%	9.616.250	16,2%	<b>4.710.000</b>	49,0%	4.906.250	51,0%
1.2	Birra - Broadband in Rural and Remote Areas	60.276.225	31.953.739	53,0%	11.785.127	19,6%	<b>2.747.500</b>	23,3%	9.037.627	76,7%
1.2	CLN-NPA II	52.752.000	26.376.000	50,0%	4.867.000	9,2%	<b>2.433.500</b>	50,0%	2.433.500	50,0%
1.2	Rubies - Rural Business Information Exchange System	56.056.301	27.942.546	49,8%	11.775.000	21,0%	<b>3.140.000</b>	26,7%	8.635.000	73,3%
Samtals Áhersla 1		422.843.626	238.934.218	56,5%	60.342.008	14,3%	<b>21.666.000</b>	35,9%	38.676.008	64,1%

### 8.3.2. Áhersla 2

Flokkun	Verkefni	Heildar verkefnis-kostnaður	Heildarfjárhæð umsóknar til NPP	Hlutfall	Heildar-kostnaður við íslenska hluta verkefnisins	Hlutfall	NPP framlag til Íslands	Hlutfall	Eigin fjármögnun	Hlutfall
2.1	Eco House North	83.033.375	43.037.625	51,8%	2.060.625	2,5%	<b>1.236.375</b>	60,0%	824.250	40,0%
2.1	External Timber Cladding	78.173.440	44.856.706	57,4%	9.184.500	11,7%	<b>4.710.000</b>	51,3%	4.474.500	48,7%
2.1	Nature Based Tourism	114.961.288	68.976.773	60,0%	4.906.250	4,3%	<b>2.943.750</b>	60,0%	1.962.500	40,0%
2.1	Nest - Northern Environment for Sustainable Tourism	80.841.655	44.839.357	55,5%	10.205.000	12,6%	<b>3.925.000</b>	38,5%	6.280.000	61,5%
2.1	Norce - Northern Coastal Experience	97.143.750	58.286.250	60,0%	23.550.000	24,2%	<b>5.887.500</b>	25,0%	17.662.500	75,0%
2.1	Northern Wood Heat	147.658.814	82.044.511	55,6%	13.654.604	9,2%	<b>2.355.000</b>	17,2%	11.299.604	82,8%
2.1	Outdoor and fast food	62.457.662	36.426.748	58,3%	10.468.760	16,8%	<b>1.570.000</b>	15,0%	8.898.760	85,0%
2.1	Rural Business Women	76.843.493	46.106.112	60,0%	14.422.020	18,8%	<b>8.653.212</b>	60,0%	5.768.808	40,0%
2.1	Destination Viking - Sagalands, Sagas & Storytelling	78.588.156	47.100.000	59,9%	27.563.156	35,1%	<b>16.485.000</b>	59,8%	11.078.156	40,2%
2.1	Siblarch	102.687.185	51.865.421	50,5%	9.965.575	9,7%	<b>1.570.000</b>	15,8%	8.395.575	84,2%
2.1	Snow Magic	55.452.008	30.868.634	55,7%	13.162.566	23,7%	<b>4.317.500</b>	32,8%	8.845.066	67,2%
2.2	i2i - Integrate to Innovate in the Northern Periphery Ar	84.161.028	48.377.117	57,5%	5.495.000	6,5%	<b>2.747.500</b>	50,0%	2.747.500	50,0%
2.2	NorthCod - Sustainable development of cod farming	109.822.442	59.501.666	54,2%	18.565.093	16,9%	<b>1.570.000</b>	8,5%	16.995.093	91,5%
2.2	SCRI in Action	27.294.450	15.277.670	56,0%	3.140.000	11,5%	<b>1.570.000</b>	50,0%	1.570.000	50,0%
2.2	Usevenue	77.570.874	46.118.750	59,5%	6.894.812	8,9%	<b>3.925.000</b>	56,9%	2.969.812	43,1%
2.2	YEF - Young Entrepreneur Factory	120.915.277	60.378.982	49,9%	16.868.787	14,0%	<b>5.495.000</b>	32,6%	11.373.787	67,4%
Samtals Áhersla 2		1.397.604.894	784.062.318	56,1%	190.106.747	13,6%	<b>68.960.837</b>	36,3%	121.145.910	63,7%

### 8.3.3. Áhersla 3


Flokkun	Verkefni	Heildar verkefnis-kostnaður	Heildarfjárhæð umsóknar til NPP	Hlutfall	Heildar-kostnaður við íslenska hluta verkefnisins	Hlutfall	NPP framlag til Íslands	Hlutfall	Eigin fjármögnun	Hlutfall
3.1	Deserve - Delivering Services in Rural Areas	176.746.047	130.138.164	73,6%	4.560.850	2,6%	<b>1.177.500</b>	25,8%	3.383.350	74,2%
3.2	Brandr - Development by Branding the Trade Mark	78.500.000	47.100.000	60,0%	14.642.919	18,7%	<b>6.792.919</b>	46,4%	7.850.000	53,6%
3.2	Elav - Exchanging local activity and values from forest land	109.065.388	58.320.398	53,5%	5.224.960	4,8%	<b>1.570.000</b>	30,0%	3.654.960	70,0%
3.2	Small Town Network	55.468.100	26.548.700	47,9%	4.741.400	8,5%	<b>2.370.700</b>	50,0%	2.370.700	50,0%
3.2	Spatial Planning in Northern Peripheral Regions	148.025.880	58.999.737	39,9%	20.946.940	14,2%	<b>4.049.737</b>	19,3%	16.897.204	80,7%
Samtals Áhersla 3		567.805.415	321.106.998	56,6%	50.117.069	8,8%	<b>15.960.856</b>	31,8%	34.156.214	68,2%

### 8.3.4. Áherslur samtals

Flokkun	Verkefni	Heildar verkefnis-kostnaður	Heildarfjárhæð umsóknar til NPP	Hlutfall	Heildar-kostnaður við íslenska hluta verkefnisins	Hlutfall	NPP framlag til Íslands	Hlutfall	Eigin fjármögnun	Hlutfall
1.1, 1.2	Samtals Áhersla 1	422.843.626	238.934.218	56,5%	60.342.008	14,3%	<b>21.666.000</b>	35,9%	38.676.008	64,1%
2.2, 2.2	Samtals Áhersla 2	1.397.604.894	784.062.318	56,1%	190.106.747	13,6%	<b>68.960.837</b>	36,3%	121.145.910	63,7%
3.1, 3.2	Samtals Áhersla 3	567.805.415	321.106.998	56,6%	50.117.069	8,8%	<b>15.960.856</b>	31,8%	34.156.214	68,2%
Verkefni samtals		2.388.253.935	1.344.103.533	56,3%	300.565.824	12,6%	<b>106.587.693</b>	35,5%	193.978.132	64,5%

Umreiknað miðað við gengi evru 78,5

## 8.4. Nýting og endurgjöf fjármagns



## 8.5. Yfirlit yfir umsækjendur í verkefnum á Íslandi – lögaðilar

Heiti	Starfsemi	Flokkun	Verkefni
Akureyrarbær	Sveitarfélag	Opinber aðili	BrandR
Atvinnuþróunarfélag Norðurlands vestra	Atvinnuþróunarfélag	Opinber aðili	Norve
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða	Atvinnuþróunarfélag	Opinber aðili	Nature Based Tourism og Destination Viking - Sagalands
Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga	Atvinnuþróunarfélag	Opinber aðili	Norve og Snow Magic
Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands	Atvinnuþróunarfélag	Opinber aðili	SCRI on Action
Byggðasafn Húnavtinga Reykjum	Opinber stofnun	Opinber aðili	Norve
Byggðastofnun	Opinber stofnun	Opinber aðili	BIRRA, Rural Business Women, Deserve og Spatial Planning
Dalabyggð	Sveitarfélag	Opinber aðili	Destination Viking - Sagalands
FSA Háskólasjúkrahús Akureyri	Opinber stofnun	Opinber aðili	Ambulance Transport & Services in Rural Areas
Háskólasetríð Höfn Hornafirði	Rannsóknarstofnun	Opinber aðili	NEST
Háskóli Íslands	Háskóli	Opinber aðili	Safety at Sea - Northern Periphery
Háskólinn Akureyri	Háskóli	Opinber aðili	CLN-NPA II
Háskólinn Hólum	Háskóli	Opinber aðili	Outdoor and recreational food
Hornafjarðarbær	Sveitarfélag	Opinber aðili	NEST
Iðntæknistofnun	Rannsóknarstofnun	Opinber aðili	Outdoor and recreational food og YEF
IMPRA-Nýsköpunarmiðstöð	Atvinnuþróunarfélag	Opinber aðili	YEF
Ísafjarðarbær	Sveitarfélag	Opinber aðili	BIRRA og Usevenue
Landbúnaðarháskólinn Hvanneyri	Háskóli	Opinber aðili	Northern Wood Heat
Landhelgisgæslan	Opinber stofnun	Opinber aðili	Safety at Sea - Northern Periphery
Menningarsetur Borgarfjarðar	Opinber stofnun	Opinber aðili	Destination Viking - Sagalands
Minjasafnið Hnjóti	Opinber stofnun	Opinber aðili	Norve
Norður Atlantsnefndin	Alþjóðastofnun	Opinber aðili	Northern Maritime Corridor
Póst og fjarskiptastofnun	Opinber stofnun	Opinber aðili	BIRRA
Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins	Rannsóknarstofnun	Opinber aðili	External Timber Cladding
Reykjanesbær	Sveitarfélag	Opinber aðili	Destination Viking - Sagalands
Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi	Opinber stofnun	Opinber aðili	YEF
Siglingamálastofnun	Opinber stofnun	Opinber aðili	Safety at Sea - Northern Periphery
Simenntunarmiðstöð Vesturlands	Opinber stofnun	Opinber aðili	Rural Business Women
Siminn	Ríkisfyrirtæki	Opinber aðili	BIRRA
Sjúkraflutningaskólinn (FSA)	Menntastofnun	Opinber aðili	Ambulance Transport & Services in Rural Areas
Skaftárhreppur	Sveitarfélag	Opinber aðili	NEST
Skipulagsstofnun	Opinber stofnun	Opinber aðili	Spatial Planning
Skógrækt ríkisins	Opinber stofnun	Opinber aðili	Northern Wood Heat, Siblarch og Elav
Héraðsnefnd Snæfellinga	Opinber stofnun	Opinber aðili	Usevenue
Sveitarfélagið Skagafjörður	Sveitarfélag	Opinber aðili	BIRRA
Uppsveitir Árnassýslu	Sveitarfélag	Opinber aðili	Destination Viking - Sagalands
Þróunarstofa Austurlands	Atvinnuþróunarfélag	Opinber aðili	NEST, i2i og Small Town Networks
Batterið Arkitektar ehf	Tæknileg ráðgjöf	Einkafyrirtæki	Eco House North
Ferðaþjónustuaðilar við Mývatn	Ferðaþjónusta	Einkafyrirtæki	Snow Magic
Grettistak sf í Húnaþingi vestra	Afþreying	Einkafyrirtæki	Destination Viking - Sagalands
Héraðsskógar	Framleiðsla	Einkafyrirtæki	Northern Wood Heat
IceCod Ltd	Sjávarútvegur	Einkafyrirtæki	NorthCod
IMG á Íslandi	Ráðgjöf	Einkafyrirtæki	BIRRA
Rannsóknir og ráðgjöf	Ráðgjöf	Einkafyrirtæki	Norve og Destination Viking - Sagalands
Upplýsingatækni í dreifbýli	Átaksverkefni	Blandað	Rubies

## 8.6. Fjöldi umsækjenda

### 8.6.1. Áhersla 1

Heiti verkefnis	Finnland	Skotland	Svíþjóð	Noregur	Ísland	Grænland	Færeyjar	Rússland	Alaska	Kanada
<b>Interactive and innovative road management of low traffic volume roads through a technical information exchange across the Northern Periphery - ROADEX II</b> Verkefni leitt af: The Highland Council, Scotland	5	3	1							
<b>Northern Maritime Corridor - NMC NP</b> Verkefni leitt af: Landsdelsutvalget, Norway		1	1	5	1	1	1			
<b>Community Learning Networks in Northern Periphery Areas - Phase II</b> Verkefni leitt af: UHI Millennium Institute, Scotland	1		1	1	1					
<b>Remote Telematic Solutions for patient diagnoses and training of health care professionals in sparsely populated areas</b> Verkefni leitt af: Municipality of Vannas Sweden	1	1	2							
<b>Northern Potential</b> Verkefni leitt af: The Highland Council		2	1	1						
<b>Rural Business Information Exchange System - RUBIES</b> Verkefni leitt af: Scottish Agricultural College, Scotland	1	1	2		2					
<b>Participation in Rural Communities by Young Broadband Users - PICYBU</b> Verkefni leitt af: Kemi-Tornio Polytechnic, Finland	1		1	1			1			
<b>Broadband in Remote and Rural Areas - BIRRA</b> Verkefni leitt af: Kemi-Tornio Polytechnic	2	1	2		6					
<b>Ambulance Transport &amp; Services in Rural Areas</b> Verkefni leitt af: FSA University Hospital, Iceland		1	1		1					
<b>Safety at Sea - S@S NP</b> Verkefni leitt af: The Maritime and Coastguard Agency, Skotland		1		1	3	1	1			
<b>Alls</b>	<b>11</b>	<b>11</b>	<b>12</b>	<b>9</b>	<b>14</b>	<b>2</b>	<b>3</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>

### 8.6.2. Áhersla 2

Heiti verkefnis	Finnland	Skotland	Svíþjóð	Noregur	Ísland	Grænland	Færeyjar	Rússland	Alaska	Kanada
<b>Domestication of Northern Berries - Northern Berries</b> Verkefni leitt af: University of Kuopio, Finland		1	1	1				1		
<b>Sustainable Model for Arctic Regional Tourism</b> Verkefni leitt af: Kemi-Tornio Polytechnic	2		3	2		3			2	2
<b>Developing Rural Woman's Entrepreneurship - Rural Business Women</b> Verkefni leitt af: Rural Advisory Centre Kainuu/KWAODRA	2	3	1		2					
<b>External Timber Cladding in Maritime Conditions</b> Verkefni leitt af: The Highland Council, Scotland		3		3	1		1			
<b>Destination Viking - Saga Lands</b> Verkefni leitt af: Institute of Regional Development in Iceland		2	2	3	7	2	2			
<b>Promotion of Natural Stone Industry in the Northern Areas - PNASTINA</b> Verkefni leitt af: Geological Survey of Sweden			1	1		1				
<b>Nature Based Tourism</b> Verkefni leitt af: Landsdelsutvalget		4	2	2	1					
<b>SNOW MAGIC</b> Verkefni leitt af: Municipality of Sorsele, Sweden.	1		1		1					
<b>Northern Coastal Experience - NORCE</b> Verkefni leitt af: Regional Development Institute of Northwest Iceland	1	2	3	3	4	2	1			1
<b>Northern WoodHeat: Developing Small and Medium Scale Woodfuel Supply Chains</b> Verkefni leitt af: Highland Birchwoods	3	10			3					
<b>SIBLARCH - Decay resistant timber: Siberian larch compared to Scots pine in forestry and products</b> Verkefni leitt af: Jamtland County Council - Institute of Rural Development	2		1	2	1					
<b>Development and Marketing of Ecological Wooden House Systems for Harsh Climate Areas - Eco House North</b> Verkefni leitt af: Council of Oulu Region, Finland	17	4	1	3	1					



### 8.6.3. Áhersla 2 frh.

Heiti verkefnis	Finnland	Skotland	Svíþjóð	Noregur	Ísland	Grænland	Færeyjar	Rússland	Alaska	Kanada
<b>Northern Environment for Sustainable Tourism - NEST</b> Verkefni leitt af: University of Iceland, Hornafjörður University Centre	1	3	1		3					
<b>Northern Outdoor Recreational Food - OutRef</b> Verkefni leitt af: Kainuun Etu Ltd	1	1			1					
<b>Structure for Commercialisation of Rural Innovation - SCRI</b> Verkefni leitt af: Highlands and Islands Enterprise	1		1	1						
<b>Project for Female Leaders - PROFILE</b> Verkefni leitt af: Arctic Region Foundation for Vocational Training, Sweden	1		1				1			
<b>Young Entrepreneur Factory</b> Verkefni leitt af: Moray College, Scotland		2	1	4	2	3		2		
<b>Bio-Thermal Timber Alternative Network for Innovation and Development - BITWON</b> Verkefni leitt af: YTI Research Centre of Mikkeli Polytechnic	8	4	5							
<b>USEVENUE</b> Verkefni leitt af: Town of Pudasjärvi	1	1	3		2					
<b>Extreme Weather Conditions</b> Verkefni leitt af: The Center for Emergency and Disaster Medicine, Sweden	1	1		1						
<b>Integrate to Innovate in the northern periphery - I2i</b> Verkefni leitt af: AimHi, Scotland	1	1	1	2	1					
<b>SCRI in action</b> Verkefni leitt af: Highland and Islands of Scotland	1	1	1		1					
<b>NorthCod</b> Verkefni leitt af: Nordland Research Institute, Norway		2		3	1					
<b>Alls</b>	<b>44</b>	<b>45</b>	<b>30</b>	<b>31</b>	<b>31</b>	<b>11</b>	<b>5</b>	<b>3</b>	<b>2</b>	<b>3</b>

### 8.6.4. Áhersla 3

Heiti verkefnis	Finnland	Skotland	Svíþjóð	Noregur	Ísland	Grænland	Færeyjar	Rússland	Alaska	Kanada
<b>Ecological Waste Treatment in Sparsely-populated areas</b> Verkefni leitt af: Council of Oulu Region, Finland	3		2	1		1				
<b>Delivering Services in Remote and Rural Areas: A Transnational Exchange of Ideas and Practices - DESERVE</b> Verkefni leitt af: Scottish Council for Voluntary Organisations	5	2	1		1					
<b>Bottom up Processes - Aiming at Sustainable Development in Rural Areas</b> Verkefni leitt af: Association of Local Authorities, County of Jämtland			1	1						
<b>Sustainable Rural Health care networks</b> Verkefni leitt af: Regional Development Centre of Mid-Troms, Department of Research	1	3	1	3						
<b>Small Town Networks</b> Verkefni leitt af: The Highland Council, Scotland	4	3	1		1					
<b>Development by Branding the Trade Mark - BRANDR</b> Verkefni leitt af: Municipality of Solleftea, Sweden			1	2	1					
<b>Cultural Community Business</b> Verkefni leitt af: Storumans Kommun		1	1	1						
<b>Our Life as Elderly</b> Verkefni leitt af: Lulea Kommun			5	6			6			
<b>Integrated Approach to Northern Watercourses and their Community Development - NorWat</b> Verkefni leitt af: Jyväskylä Polytechnic / Institute of Natural Resources	4	4	1	2						
<b>Enhancing Local Activity and Values from Forest Land through community-led strategic planning. - ELAV</b> Verkefni leitt af: Regional Forestry Board of Dalarna-Gävleborg, Sweden	3	4	3	4	1					
<b>Small Town Networks - Towns2</b> Verkefni leitt af: The Highland Council, Planning & Development	2	3	2							
<b>Spatial North</b> Verkefni leitt af: The County of Västernorrland	2	8	8		2					
<b>Alls</b>	<b>24</b>	<b>28</b>	<b>27</b>	<b>20</b>	<b>6</b>	<b>1</b>	<b>6</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>

### 8.6.5. Áherslur samtals

Áherslur	Finnland	Skotland	Svíþjóð	Noregur	Ísland	Grænland	Færeyjar	Rússland	Alaska	Kanada
Áhersla 1 alls	11	11	12	9	14	2	3	0	0	0
Áhersla 2 alls	44	45	30	31	32	11	5	3	2	3
Áhersla 3 alls	24	28	27	20	6	1	6	0	0	0
<b>Fjöldi umsækjenda</b>	<b>79</b>	<b>84</b>	<b>69</b>	<b>60</b>	<b>52</b>	<b>14</b>	<b>14</b>	<b>3</b>	<b>2</b>	<b>3</b>
<b>Þátttaka í fjölda verkefna - áherslur samtals</b>	<b>30</b>	<b>33</b>	<b>39</b>	<b>27</b>	<b>27</b>	<b>8</b>	<b>8</b>	<b>2</b>	<b>1</b>	<b>2</b>

## 8.7. Viðmælendur og heimildir

### 8.7.1. Viðmælendur:

- Aðalsteinn Þorsteinsson, Byggðastofnun
- Árni Gunnarsson, Upplýsingatækni í dreifbýli
- Baldur Pétursson, Iðnaðarráðuneytinu
- Bjarnheiður Jóhannsdóttir, Byggðastofnun Þorlákshöfn
- Björn Gíslason, Iðntæknistofnun
- Bryndís Haraldsóttir, Iðntæknistofnun
- Dorothee Lubecki, Atvinnuþróunarfélagi Vestfirðinga
- Gunnar Jóhannesson, Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga
- Herdís Sæmundardóttir, Byggðastofnun
- Jón Sigurjónsson, Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins

- Laufey Haraldsdóttir, Ferðamáladeild Hólaskóla
- Loftur Jónsson, Héraðsskógum
- Pétur Snæbjörnsson, hóteltstjóri Reyhlið
- Rannveig Ólafsdóttir, Rannsókn- og fræðasetri HÍ á Hornafirði
- Rúnar Óli Karlsson, Ísafjarðarbæ
- Rögnvaldur Guðmundsson, Rannsókn- og ráðgjöf
- Sigríður Stefánsdóttir, Akureyrarbæ
- Sigrún Magnúsdóttir, Háskólanum á Akureyri
- Stefán Stefánsson, Þróunarstofu Austurlands
- Þórarinn V. Sólmundarson, Þróunarsviði Byggingastofnunar

### 8.7.2. Skýrslur og vefslóðir:

- **Europapolitisk Plattform – Samarbeid med regionale og lokale myndigheter -**  
Prosjektrapport i forbindelse med oppfølgingen av Regjeringens europapolitiske plattform tiltakspunkt 4.5.2. Kommunal- og regionaldepartementet - Oslo, 10. januar 2003. (Norsk skýrsla er fjallar um samstarf milli ríkis og sveitarfélaga í Evrópu) [<http://odin.dep.no/filarkiv/177366/europolitiskplattform.pdf>]
- **INTERREG – EU-program for grenseoverskridende regionalt samarbeid -** (H-2164)  
Kommunal- og regionaldepartementet, Oslo NORGE [[http://odin.dep.no/filarkiv/246639/interreg\\_dok4web.pdf](http://odin.dep.no/filarkiv/246639/interreg_dok4web.pdf)]
- **INTERREG III B Programme- The Northern Periphery Programme Complement -**  
Approved by the Programme Monitoring Committee and adopted by the Managing authority January 2005 [<http://www.northernperiphery.net/managers/Library/Programme%20Complement/Programme%20Complement.pdf>]
- **INTERREG IIIB – Northern Periphery Programme – Annual Report 2004** European Union 2005-05-30 - C(2001) 3860 CCI: 2001 CB 16 0 PC 003 [<http://www.northernperiphery.net/managers/Library/Annual%20Reports/Interreg%20IIIB%20NPP%20Annual%20Report%202004.pdf>]
- **Kort af starfssvæði allra Interreg verkefna Evrópsambandsins:**  
[http://europa.eu.int/comm/regional\\_policy/sources/docoffic/official/guidelines/maps\\_en.htm](http://europa.eu.int/comm/regional_policy/sources/docoffic/official/guidelines/maps_en.htm)
- **Leiðbeiningar** Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins **um framkvæmd verkefna á vegum Interreg III** áætlunarinnar frá 2. september 2004: [http://europa.eu.int/comm/regional\\_policy/sources/docoffic/official/communic/inter2004/226\\_en.pdf](http://europa.eu.int/comm/regional_policy/sources/docoffic/official/communic/inter2004/226_en.pdf)
- **Skýrsla Endurskoðunar Evrópusambandsins um mat á framkvæmd Interreg áætluninni** [Court of Auditors – SPECIAL REPORT No 4/2004 on the programming of the Community Initiative concerning trans-European cooperation – Interreg III, together with the Commission's replies [Official Journal of the European Union 7.12.2004 (2004/C 303/01)] : [http://www.eca.eu.int/audit\\_reports/special\\_reports/docs/2004/rs04\\_04en.pdf](http://www.eca.eu.int/audit_reports/special_reports/docs/2004/rs04_04en.pdf)
- Upplýsingar á vef Evrópusambandsins um **Interreg áætlunina – C-hluta:**  
<http://europa.eu.int/scadplus/leg/en/lvb/g24205.htm>
- Upplýsingar á vef Evrópusambandsins um **Interreg áætlunina:**  
<http://europa.eu.int/scadplus/leg/en/lvb/g24204.htm>
- **Vefur Norðurslóðaáætlunarinnar** NPP: <http://www.northernperiphery.net>
- **Vefur Norrænu Atlantsnefndarinnar NORA** [Nordisk Atlantsamarbejde]: [www.nora.fo](http://www.nora.fo)

# Mat á þátttöku Íslands í Norðurslóðaáætlun ESB



IMG